Á mynd 4 má sjá hvort hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk sem stunda tiltekið skipulagt félags- og tómsundastarf vikulega eða oftár hafi breyst milli árunna 2000, 2006 og 2009. Ekki er hægt að greina breytingar milli árunna. Eins og sjá má hafa þeir sem taka þátt í skátastarfi nánast staðið í stað milli tímabila en greina má örlitla fækkun meðal þeirra sem taka þátt í ungliðastarfi björgunarsveitanna. Voru þeir 4% árið 2000 en eru um 5% árið 2009. Þeir sem taka þátt í starfi KFUM eða KFUK vikulega eða oftár er um 2,0% öll árin. Hlutfall þeirra sem taka þátt í æskulýðsstarfi þjóðkirkjunnar stendur í stað milli ára og er um 2% og greina má hlutfallslega lækkun ef litið er til þátttöku í æskulýðsstarfi annarra trúfélaga (mynd 4).



Mynd 4. Hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk árin 2000, 2006 og 2009 sem stunda skátastarf, ungliðastarf björgunarsveitanna, KFUM eða KFUK, æskulýðsstarf þjóðkirkjunnar, og æskulýðsstarf annarra trúfélaga, vikulega eða oftár.




Á mynd 5 má einnig sjá hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk sem stunda tiltekið skipulagt tómsundastarf vikulega eða oftár. Árið 2006 jókst hlutfall þeirra sem spiluðu í hljómsveit með nokkrum vinum/vinkonum sínum úr 4% árið 2000 í 8% árið 2006. Nú árið 2009 sýna niðurstöður að 5% nemenda í 9. og 10. bekk spila í hljómsveit með vinum sínum vikulega eða oftár. Í samræmi við það fjölgaði þeim sem lögðu stund á tónlistarnám milli áráanna 2000 og 2006, úr rúnum 17% í 22% milli ára. Nú sýna niðurstöður að 20% nemenda í 9. og 10. bekk stunda tónlistarnám vikulega eða oftár (mynd 5). Hins vegar hefur ekki orðið hlutfallsleg breyting á þátttöku í lúðrasveit, skólahljómsveit eða tónlistarskólahljómsveit en um 5% nemenda öll árin svara því til að þau taki vikulega eða oftár þátt í slíku starfi. Álíka margir stunda myndlistarnám árið þau ár sem eru til skoðunar þó hlutfall hafi hækkað um eitt prósentustig milli áráanna. Þannig sögðust um 7% stunda leiklist árið 2000, 8% árið 2006 og nú árið 2009 er hlutfall þeirra sem stunda leiklist vikulega eða oftár 9% (mynd5).



Mynd 5. Hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk árin 2000, 2006 og 2009 sem spila í hljómsveit með nokkrum vinum/vinkonum sínum, stunda tónlistarnám, lúðrasveit, skólahljómsveit eða tónlistarskólahljómsveit, myndlistarnám, og leiklist, vikulega eða oftár.

Á mynd 6 má sjá hvort hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk sem sækja tiltekið félags- og tómskundastarf vikulega eða oftár hefur breyst milli áráanna 2000, 2006 og 2009.




**Mynd 6.** Hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk árin 2000 og 2006 sem sækja leiksýningar, bókasafn, klassíska tónleika, aðra tónleika en klassíska, og myndlistasýningar, vikulega eða oftár.

Fram kemur að hlutfall þeirra sem sækja leiksýningar er nú árið 2009 um 1%, eða svipað og það hefur verið þau ár sem eru notuð til samanburðar. Þeim sem sækja bókasafn hefur fækkað úr 7,% árið 2000 í 5% árin 2006 og 2009. Þá er hlutfall þeirra sem sækja klassíska tónleika vikulega eða oftár svipað og hefur verið eða 1% á meðan slíkt átti við um 2% árið 2006. Hlutfall þeirra sem sækja annars konar tónleika en klassíska vikulega eða oftár lækkað lítillega milli ára og er nú 1% líkt og niðurstöður sýndu árið 2000. Að lokum kemur fram að hlutfall þeirra nemenda sem sækja myndlistasýningar vikulega eða oftár er um 1% nú árið 2009 það sama og niðurstöður sýndu árið 2000 á meðan 2% nemenda svöruðu því til árið 2006.

Á mynd 7 getur að líta hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk sem stunda tiltekið félags- og tómskundastarf vikulega eða oftár. Eins og sjá má breytist hlutfall þeirra sem sækja félagsmiðstöðvar lítið sem ekkert milli áráanna 2000, 2006 og 2009 og er 18% árin 2000 og 2006 en 17% nú árið 2009. Þá má sjá að hlutfall þeirra sem stunda ungmennastarf Rauða kross Íslands breytist ekki heldur yfir umrætt tímabil, er um 1% öll árin. Svipaða sögu eru að segja um þá sem

stunda hestamennsku, þó hlutfallið hafi lækkað milli árána 2006 og 2009. árið 2000 og 2006 var hlutfall þeirra sem stunduðu hestamennsku vikulega eða oftar 7% en nú árið 2009 svara um 5% nemenda í 9. og 10. bekk því til að þau taki þátt í hestamennsku sem því nemur. Hins vegar fækkar þeim lítillega sem stunda útivist vikulega eða oftar, úr 5% árið 2000, 4% árið 2006 og nú árið 2009 er hlutfallið 2%. Ef litið er til þeirra sem leggja stund á hannyrðir, fatasaum eða fatahönnun hefur þeim fækkað í samanburði við árið 2000 þegar um 10% sögðust leggja stund á slíka iðju en árin 2006 og 2009 er hlutfall 8%.



Mynd 7. Hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk árin 2000, 2006 og 2009 sem stunda félags- eða tómstundastarf í félagsmiðstöð<sup>27</sup>, ungmennastarf Rauða kross Íslands, hestamennsku, útivist, og hannyrðir, fatasaum eða fatahönnun, vikulega eða oftar.

<sup>27</sup> Árið 2000 var spurt um ástundun félagsmiðstöðva, að undanskildum böllum og diskóum (t.d. námskeið eða klúbbar) en 2006 og 2009 var spurt um þátttöku í félags- eða tómstundastarfi í félagsmiðstöð. Sökum þess hve líkar spurningarnar eru fyrir árin 2000, 2006 og 2009 eru þær álitnar samanburðarhæfar.


**Tafla 1.** Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk sem segjast stunda tiltekið félags- og tómstundastarf **einu sinni í viku eða oft**, greint ef búsetu.

Stundar þú...	Landsbyggð		Höfuðb.svæðið		Heild	
	Strákar % (fjöldi)	Stelpur % (fjöldi)	Strákar % (fjöldi)	Stelpur % (fjöldi)	Strákar % (fjöldi)	Stelpur % (fjöldi)
Skátastarf	1,9 (27)	2,1 (32)	3,5 (70)	2,3 (49)	2,9 (97)	2,2 (81)
Ungliðastarf þjörgunarsveita	10 (141)	9,6 (148)	2,0 (40)	2,0 (43)	5,3 (181)	4,6 (167)
KFUM eða KFUK	1,4 (20)	2,3 (35)	19,7 (37)	2,4 (51)	1,7 (57)	2,4 (86)
Æskulýðsstarf þjóðkirkjunnar	1,5 (21)	2,9 (45)	2,2 (43)	2,6 (55)	1,9 (64)	2,7 (100)
Æskulýðsstarf annarra trúfélaga	0,5 (7)	0,7 (11)	1,0 (20)	1,0 (20)	0,8 (27)	0,9 (31)
Hljómsveit með vinum	7,5 (105)	2,7 (42)	6,6 (132)	2,3 (49)	7,0 (237)	2,5 (91)
Tónlistarnám	18,7 (264)	23,3 (361)	17,5 (350)	20,1 (424)	18 (614)	21,5 (785)
Lúðrasveit, skólahljómsveit	4,1 (58)	5,5 (85)	4,6 (92)	5,4 (113)	4,4 (150)	5,4 (198)
Myndlistarnám	2 (28)	5,7 (88)	3,5 (70)	4,8 (102)	2,9 (98)	5,2 (190)
Leiklist	5 (70)	11,3 (174)	6,2 (123)	12,5 (251)	5,7 (193)	12 (436)

**Tafla 2.** Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk sem segjast stunda tiltekið félags- og tómstundastarf **einu sinni í viku eða oft**, greint ef búsetu.

Stundar þú:	Landsbyggð		Höfuðb.svæðið		Heild	
	Strákar % (fjöldi)	Stelpur % (fjöldi)	Strákar % (fjöldi)	Stelpur % (fjöldi)	Strákar % (fjöldi)	Stelpur % (fjöldi)
Leiksýningar	1,2 (17)	0,3 (4)	1,5 (29)	0,4 (9)	1,4 (46)	0,4 (13)
Bókasafn	3,8 (54)	6,7 (103)	3,9 (77)	4,8 (101)	3,9 (131)	5,6 (204)
Klassíska tónleika	1,2 (17)	0,1 (2)	1,3 (26)	0,4 (8)	1,3 (43)	0,3 (10)
Aðra tónleika en klassíska	1,6 (22)	0,2 (3)	1,7 (34)	0,6 (13)	1,7 (56)	0,4 (16)
Myndlista-sýningar	1,3 (18)	0,3 (5)	1,6 (31)	0,4 (9)	1,4 (49)	0,4 (14)
Félags- eða tómstundastarf í félagsmiðstöð	21,8 (302)	20,9 (320)	15,9 (318)	13,3 (278)	18,3 (620)	16,5 (598)
Ungmennastarf R.K.Í.	0,9 (12)	0,3 (5)	1,2 (23)	0,6 (139)	1,0 (35)	0,5 (18)
Hestamennsku	3,9 (55)	10,6 (163)	2,5 (50)	5,3 (111)	3,1 (105)	7,5 (274)
Útivist (fjallgöngur eða útilegur)	3,3 (46)	2,5 (38)	2,1 (41)	1,7 (36)	2,6 (87)	2,0 (74)
Hannyrðir, fatasum eða fatahönnun	0,9 (12)	14,6 (226)	1,2 (23)	13,1 (274)	1,0 (35)	13,7 (500)

Á mynd 8 má sjá hvort hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk sem lesa tiltekið lesefni utan við skólabækur hefur breyst milli ára 2000, 2006 og 2009.




Mynd 8. Hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk árin 2000, 2006 og 2009 sem eyða annað hvort engum tíma í hverri viku eða 4 klst. eða meira í hverri viku í að lesa bækur aðrar en skólabækur, teiknimyndabækur og/eða blöð, dagblöð og tímarit.

Eins og sjá má lækkaði hlutfall þeirra sem eyða engum tíma í viku hverri í að lesa bækur aðrar en skólabækur úr 37% árið 2000 í 35% árið 2006 nú árið 2009 sýna niðurstöður að um 33% nemenda í 9. og 10. bekk segja að þau verji engum tíma í lestur bóka annarra en skólabóka (mynd 8). Þó hlutfall þeirra sem verja engum tíma í lestur bóka hafi lækkað frá árinu 2000, hefur hlutfall þeirra sem lesa bækur aðrar en skólabækur í 4 klst. á viku eða meira aukist úr 12% árið 2000 í tæp 14% árin 2006 og 2009.

Ef litið er til lesturs teiknimyndabóka og eða blaða hefur hlutfall þeirra sem segjast verja engum tíma í slíkan lestur hækkað umtalsvert frá árinu 2000. Þannig var það 57% árið 2000, 63% árið 2006 en nú segja 74% nemenda í 9. og 10. bekk að þau verji engum tíma í lestur teiknimynda- og eða blaða. Þá hefur hlutfall nemenda sem segjast ekki eyða neinum tíma á viku í að lesa dagblöð hækkað úr 15% árið 2000, 24% árið 2006 og nú árið 2009 segjast um 37% nemenda í 9. og 10. bekk að þau eyði engum tíma í hverri viku í lestur dagblaða. Að lokum kemur fram að lestur


tímarita er á undanhaldi. Hlutfall þeirra sem segjast ekki eyða neinum tíma í viku hverri í að lesa tímarit hækkar úr 20% árið 2000 í 29% árið 2006 og nú árið 2009 er það rétt innan við helmingur nemenda í 9. og 10. bekk sem segjast verja engum tíma í lestur tímarita (mynd8). Ef niðurstöður eru greindar eftir kynferði má sjá (mynd 9) að um nokkurn mun er að ræða milli stráka og stelpna. Þannig eru stelpur hlutfallslega líklegri til að lesa bækur aðrar en skólabækur, á meðan 30% stráka segist verja engum tíma í slíkan lestur er hlutfallið 14% meðal stelpnanna. Í takt við þessar niðurstöður eru stelpurnar að sama skapi líklegri til að verja 4 klukkustundum eða meira í lestur bóka annarra en skólabóka. Um 28% stelpna segjast verja 4 klukkustundum eða meira í slíkan lestur á meðan 15% stráka svara því til. Þá sýna niðurstöður að um 8% stráka verja 4 klukkustundum eða meira í lestur teiknimyndabóka- og eða blaða á meðan slíkt á við um 4% stelpna. Lítinn merkjanlega mun er að finna er litið er til lesturs dagblaða þar sem hlutfallið er á bilinu 36-37% meðal nemendanna. Ef litið er til lesturs tímarita þá segjast um 54% stráka að þeir eyði engum tíma í slíkan lestur á meðan 27% stelpna svara því til. Munurinn er þó ekki jafn mikill ef litið er til tíðari lesturs tímarita, þar sem 3% stráka og 8% stelpna segja að þau verji 4 klukkustundum eða meira í slíkt í viku hverri (mynd 9).



Mynd 9. Hlutfall nemenda í 8. bekk árið 2009 sem eyða annað hvort engum tíma í hverri viku eða 4 klst. eða meira í hverri viku í að lesa bækur aðrar en skólabækur, teiknimyndabækur og/eða blöð, dagblöð og tímarit.

## Íþróttaiðkun

Á mynd 10 má sjá hlutfall nemenda í 8., 9. og 10. bekk sem segjast aldrei stunda íþróttir með íþróttafélagi. Það sem vekur óneitanlega athygli á þessari mynd er hvernig hlutfall þeirra sem stunda ekki íþróttir með íþróttafélagi hækkar eftir því sem nemendur verða eldri. Þannig segjast um 34% nemenda í 8. bekk aldrei stunda íþróttir með íþróttafélagi, 41% nemenda í 9. bekk og þegar litið er til niðurstaðna fyrir tíundubekkinga sýna niðurstöður að nær helmingur þeirra segjast ekki stunda íþróttir með íþróttafélagi. Hér vekur einnig athygli að stelpur eru hlutfallslega líklegri í en strákar til að stunda aldrei íþróttir með íþróttafélagi og er munurinn hvað mestur þegar litið er til niðurstaðan fyrir nemendur í 10. bekk.




Mynd 10. Hlutfall nemenda í 8., 9. og 10. bekk sem segjast aldrei stunda íþróttir með íþróttafélagi.

Að sama skapi er fróðlegt að skoða hlutfall þeirra nemenda sem segjast stunda íþróttir fjórum sinnum í viku eða oftar. Á mynd 11 má sjá að um 40% nemenda í 8. bekk segjast stunda íþróttir með íþróttafélagi sem því nemur, á meðan slíkt á við 37% nemenda í 9. bekk og 32% í 10. bekk. Niðurstöður sýna einnig að strákar eru líklegri en stelpur til að stunda íþróttir fjórum sinnum í viku




eða oftar og á það við um allar bekkjardeildirnar. Nánari greiningu á íþróttaiðkun með íþróttafélagi má sjá á myndum 14 – 16.




Mynd 11. Hlutfall nemenda í 8., 9. og 10. bekk sem segjast stunda íþróttir með íþróttafélagi fjórum sinnum í viku eða oftar.


Ef litið er til þess hversu oft nemendur í 9. og 10. bekk stunda íþróttir eða líkamsrækt (mynd 12) má sjá að yfir helmingur stráka segist stunda slíkt fjórum sinnum í viku eða oftar á með rétt innan við helmingur stelpna svara því til. Lítinn sem engan mun er að finna á milli stráka á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni, á meðan stelpur á landsbyggðinni eru hlutfallslega líklegri til að stunda íþróttir eða líkamsrækt fjórum sinnum í viku eða oftar í samanburði við stelpur á höfuðborgarsvæðinu. Svipað myndur kemur fram þegar litið er til þess hversu oft nemendur reyna á sig þannig að þeir mæðist verulega eða svitni (mynd 13). Þannig á slíkt við um helming stráka og um 43% stelpna.




Mynd 12. Stundar þú íþróttir eða líkamsrækt? Hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk, greint eftir búsetu og kyni.




Mynd 13. Hversu oft reynir þú á þig líkamlega þannig að þú mæðist verulega eða svitnir? Hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk, greint eftir búsetu og kyni.



Mynd 14. Hve oft stundar þú íþróttir (æfir eða keppir) með íþróttafélagi? Hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk, greint eftir búsetu og kyni.



Mynd 15. Hve oft stundar þú íþróttir (æfir eða keppir) með íþróttafélagi? Hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk árin 2006 og 2009.



Mynd 16. Hve oft stundar þú íþróttir (æfir eða keppir) með íþróttafélagi? Hlutfall nemenda í 8. bekk, greint eftir búsetu og kyni.

Í töflum 3 og 4 má sjá upplýsingar um hvaða íþróttagreinar og/eða hreyfingu nemendur í 9. og 10. bekk stunda. Eins og sjá má er hlutfallslega algengast að strákar segist stunda fótbolta einu sinni í viku eða oftar Þannig segjast ríflega 47% stráka að þeir stundi fótbolta einu sinni í viku eða oftar. Þá segjast um 43% stráka að þeir stundi líkamsrækt á líkamsræktarstöð, um 45% þeirra segjast stunda sund og tæp 35% hlaup. Ef litið er á niðurstöður fyrir stelpurnar má sjá að hlaup og sund er algengasta form íþróttaiðkunar meðal stelpna. Þannig segjast tæp 45% stelpna stunda sund einu sinni í viku eða oftar og 44% þeirra segjast stunda hlaup sem því nemur. Stelpur eru þá líkt og strákar líklegar til að segjast stunda líkamsrækt í líkamsræktarstöðvum einu sinni í viku eða oftar, eða tæp 43% þeirra.

**Tafla 3.** Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk sem segjast stunda tiltekna íþrótt **einu sinni í viku eða oftár**, greint ef búsetu.

Stundar þú...	Landsbyggð		Höfuðb.svæðið		Heild	
	Strákar % (fjöldi)	Stelpur % (fjöldi)	Strákar % (fjöldi)	Stelpur % (fjöldi)	Strákar % (fjöldi)	Stelpur % (fjöldi)
Handbolta	18,8 (260)	7,7 (115)	17,2 (338)	11,6 (239)	17,9 (598)	10,0 (354)
Fótbolta	52,5 (735)	36,3 (549)	44,4 (878)	23,8 (493)	47,7 (1613)	29,1 (1042)
Körfubolta	29,0 (403)	17,5 (263)	19,5 (384)	5,1 (105)	23,4 (787)	10,3 (368)
Blak	6,8 (94)	7,7 (114)	5,0 (98)	3,8 (77)	5,8 (192)	5,4 (191)
Fimleika	4,4 (61)	9,9 (148)	5,1 (99)	7,5 (154)	4,8 (160)	8,5 (302)
Frjálssar íþróttir	11,6 (158)	10,1 (150)	6,6 (128)	5,6 (114)	8,7 (286)	7,5 (264)
Tennis, badminton eða veggtennis	9,9 (137)	8,4 (125)	11,3 (219)	5,5 (112)	10,7 (356)	6,7 (237)
Sund	51,7 (717)	55,3 (835)	39,6 (776)	37,3 (767)	44,6 (1493)	44,9 (1602)
Skíði eða gönguskíði	8,3 (114)	9,3 (139)	10,8 (208)	11,2 (230)	9,7 (322)	10,4 (369)
Snjóbretti	19,1 (262)	15,8 (235)	30,0 (587)	17,2 (353)	25,5 (849)	16,6 (588)
Skauta	2,9 (40)	4,2 (63)	4,3 (84)	5,7 (116)	3,7 (124)	5,1 (179)
Íshökkí	1,6 (22)	0,9 (13)	4,1 (79)	0,7 (14)	3,1 (101)	0,8 (27)

**Tafla 4.** Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk sem segjast stunda tiltekna íþrótt **einu sinni í viku eða oft**ar, greint ef búsetu.

Stundar þú...	Landsbyggð		Höfuðb.svæðið		Heild	
	Strákar % (fjöldi)	Stelpur % (fjöldi)	Strákar % (fjöldi)	Stelpur % (fjöldi)	Strákar % (fjöldi)	Stelpur % (fjöldi)
Júdó, karate eða jujitsu	4,5 (55)	1,6 (23)	9,0 (174)	2,0 (41)	6,9 (229)	1,8 (64)
Erobik, tæbó, kickbox	2,1 (29)	5,5 (80)	5,2 (99)	3,4 (70)	3,9 (128)	4,3 (150)
Líkamsrækt á líkamsræktarstöð	45,4 (630)	43,2 (647)	41,2 (808)	42,3 (867)	42,9 (1438)	42,7 (1514)
Vaxtarrækt	11,4 (158)	6,4 (95)	12,1 (235)	4,0 (82)	11,8 (393)	5,0 (177)
Siglingar	3,6 (49)	1,1 (16)	3,0 (57)	0,7 (14)	3,2 (106)	0,8 (30)
Golf	12,1 (165)	12,7 (245)	12,7 (245)	3,0 (62)	12,5 (410)	2,7 (95)
Hjólabretti	5,7 (78)	1,8 (27)	8,7 (169)	2,1 (42)	7,5 (247)	2,0 (69)
Línuskauta	3,3 (45)	6,9 (101)	3,9 (75)	5,3 (109)	3,6 (120)	6,0 (210)
Hlaup	37,6 (516)	51,0 (763)	33,0 (636)	39,0 (795)	34,9 (1152)	44,1 (1558)
Klettlífur eða innklífur	5,1 (69)	2,4 (36)	5,7 (110)	1,7 (34)	5,4 (179)	2,0 (70)
Mótorhjólaspport	19,3 (266)	3,8 (57)	12,2 (237)	3,3 (68)	15,2 (503)	3,5 (125)
Akstursíþróttir	12,1 (166)	1,7 (26)	6,5 (125)	1,4 (28)	8,8 (291)	1,5 (54)
Box	6,4 (87)	2,2 (33)	6,5 (125)	2,4 (49)	6,4 (212)	2,3 (82)
Dans	1,5 (21)	11,5 (171)	2,5 (48)	24,3 (499)	2,1 (69)	18,9 (670)

Í töflum 5 til 8 má sjá svör nemenda við spurningum er lúta að áherslu foreldra þeirra á þætti varðandi íþróttaiðkun þeirra. Þannig má sjá (tafla 5) að rétt um helmingur stráka segir að foreldrar þeirra leggi mjög eða freka mikla áherslu á sigur í íþróttakeppni. Ef litið er til stelpnanna þá segja ríflega 43% þeirra að slíkt eigi við um þær. Mikill meirihluti nemenda segir að foreldrar þeirra leggi áherslu á drengilega framkomu í leik (tafla 6) og að sama skapi segja yfir 90% nemenda í 9. og 10. bekk að foreldrar þeirra leggi mjög eða frekar mikla áherslu á heilbrigt lífverni (tafla 7). Þá svara yfir 90% nemenda því til að foreldrar þeirra leggi mjög eða frekar mikla áherslu á að þau geri sitt besta í leik (tafla 8).

**Tafla 5.** Hversu mikla áherslu leggja foreldrar þínir á eftirfarandi þætti? – **Sigur í íþróttakeppni.** Hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk, greint ef búsetu og kyni.

Kyn	Svarmöguleikar	Landsbyggð % (fjöldi)	Höfuðborgar Svæðið % (fjöldi)	Heild % (fjöldi)
Strákar	Frekar / mjög mikla	51,7 (569)	55,3 (842)	53,8 (1411)
	Frekar /mjög litla	48,3 (532)	44,7 (681)	46,2 (1213)
Stelpur	Frekar / mjög mikla	44,9 (480)	42,1 (583)	43,3 (1063)
	Frekar /mjög litla	55,1 (590)	57,9 (803)	56,7 (1393)

**Tafla 6.** Hversu mikla áherslu leggja foreldrar þínir á eftirfarandi þætti? – **Drengilega framkomu í leik.** Hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk, greint ef búsetu og kyni.

Kyn	Svarmöguleikar	Landsbyggð % (fjöldi)	Höfuðborgar Svæðið % (fjöldi)	Heild % (fjöldi)
Strákur	Frekar / mjög mikla	82,6 (949)	82,9 (1319)	82,8 (2268)
	Frekar /mjög litla	17,4 (200)	17,1 (272)	17,2 (472)
Stelpa	Frekar / mjög mikla	77,4 (877,0)	74,8 (1098)	75,9 (1975)
	Frekar /mjög litla	22,6 (256,0)	25,2 (370)	24,1 (626)

**Tafla 7.** Hversu mikla áherslu leggja foreldrar þínir á eftirfarandi þætti? – **Heilbrigt lífni.**  
Hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk, greint ef búsetu og kyni.

Kyn	Svarmöguleikar	Landsbyggð % (fjöldi)	Höfuðborgar Svæðið % (fjöldi)	Heild % (fjöldi)
Strákur	Frekar / mjög mikla	94,0 (657)	92,9 (849)	93,4 (1506)
	Frekar /mjög litla	6,0 ( 42,0)	7,0 (64)	6,5 (106)
Stelpa	Frekar / mjög mikla	95,5 (625)	94,6 (793)	95,0 (1418)
	Frekar /mjög litla	4,4 (29)	5,3 (45)	4,9 (74)

**Tafla 8.** Hversu mikla áherslu leggja foreldrar þínir á eftirfarandi þætti? – **Gera sitt best í leik.**  
Hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk, greint ef búsetu og kyni.

Kyn	Svarmöguleikar	Landsbyggð % (fjöldi)	Höfuðborgar Svæðið % (fjöldi)	Heild % (fjöldi)
Strákur	Frekar / mjög mikla	92,8 (1077)	91,9 (1472)	92,3 (2549)
	Frekar /mjög litla	7,2 (84)	8,1 (129)	7,7 (213)
Stelpa	Frekar / mjög mikla	93,7 (1101)	92,8 (1421)	93,2 (2522)
	Frekar /mjög litla	6,3 (74)	7,2 (110)	6,8 (184)

Í könnuninni voru nemendur inntir að því hvaða þættir hefðu spilað inn í hefðu þau einhvern tíma hætt að stunda íþróttir með íþróttafélagi. Í töflum 9 til 14 má sjá niðurstöður greindar eftir kyni og búsetu. Ef niðurstöður er dregnar saman kemur í ljós að algengast er að nemendur nefni að það sem skipti mestu máli hafi verið að þau misstu áhugann. Í því sambandi er hlutfall nemenda í heild um 82% sem segja að það hafi skipt mjög eða frekar miklu máli (tafla 9). Næst algengast er að nemendur nefni tímaleysi (tafla 12). Þannig segjast um 54% nemenda á landinu öllu að það hafi skipt máli og er hlutfallið svipað meðal stráka og stelpna, óháð búsetu. Þá virðist það hafa áhrif á nemendur ef vinir þeirra hætta að stunda íþróttir, þannig segja um 43% nemenda að það hafi spilað inn í (tafla 11). Ef litið er á niðurstöður fyrir stráka og stelpur í þessu sambandi eru það hlutfallslega fleiri strákar sem segja að það hafi skipt mjög eða frekar miklu máli. Þannig svara um 465 stráka því til á meðan slíkt á við um tæp 40% stelpna (tafla 11). Þá segja um 40% nemenda í 9. og 10.



bekk að kostnaður hafi skipt máli (tafla 10) og er hlutfallið svipað í þessu sambandi milli kynja og eftir búsetu. Mikil samkeppni (tafla 13) og of erfiðar æfingar (tafla 14) virðast hvað síst hafa skipt þá nemendur sem hættu íþróttaiðkun með íþróttafélagi máli. Það eru þó engu að síður tæp 30% sem segja að það hafi spilað inn í. Strákar eru hlutfallslega líklegri til að nefna þessa þætti sem skýringu á því að þeir hættu íþróttaiðkun. Þannig segja um 32% stráka að það hafi skipt máli að samkeppnin var mikil og 33% stráka segja að of erfiðar æfingar hafi skipt mjög eða frekar miklu máli. Ef litið er til niðurstaðna fyrir stelpurnar þá segja rúm 25% þeirra mikla samkeppni og 24% of erfiðar æfingar hafa skipt máli þegar ákváðu að hætta að stunda íþróttir.

**Tafla 9.** Ef þú hefur einhvern tíma hætt að stunda íþróttir með íþróttafélagi hversu miklu máli skiptu eftirfarandi: Ég missti áhugann.

Kyn	Svarmöguleikar	Landsbyggð % (fjöldi)	Höfuðborgar Svæðið % (fjöldi)	Heild % (fjöldi)
Strákur	skipti frekar miklu / mjög miklu máli	79,0 (712)	84,7 (1102)	82,4 (1814)
	skipti frekar litlu /mjög litlu máli	21,0 (189)	15,3 (199)	17,6 (388)
Stelpa	skipti frekar miklu / mjög miklu máli	81,0 (824)	82,5 (1224)	81,9 (2048)
	skipti frekar litlu /mjög litlu máli	19,0 (193)	17,5 (260)	18,1 (453)

**Tafla 10.** Ef þú hefur einhvern tíma hætt að stunda íþróttir með íþróttafélagi hversu miklu máli skiptu eftirfarandi: Kostnaður

Kyn	Svarmöguleikar	Landsbyggð % (fjöldi)	Höfuðborgar Svæðið % (fjöldi)	Heild % (fjöldi)
Strákur	skipti frekar miklu / mjög miklu máli	38,7 (224)	41,3 (308)	40,2 (532)
	skipti frekar litlu /mjög litlu máli	61,2 (354)	58,6 (437)	59,7 (791)
Stelpa	skipti frekar miklu / mjög miklu máli	39,9 (273)	37,3 (363)	38,4 (636)
	skipti frekar litlu /mjög litlu máli	60,8 (411)	62,6 (609)	61,5 (1020)

**Tafla 11.** Ef þú hefur einhvern tíma hætt að stunda íþróttir með íþróttafélagi hversu miklu máli skiptu eftirfarandi: Vinir mínir hættu.

Kyn	Svarmöguleikar	Landsbyggð % (fjöldi)	Höfuðborgar Svæðið % (fjöldi)	Heild % (fjöldi)
Strákur	skipti frekar miklu / mjög miklu máli	40,6 (250)	49,8 (433)	46,0 (683)
	skipti frekar litlu /mjög litlu máli	59,34 (365)	50,11 (435)	53,9 (800)
Stelpa	skipti frekar miklu / mjög miklu máli	38,1 (278)	40,8 (446)	39,7 (724)
	skipti frekar litlu /mjög litlu máli	61,8 (451)	59,1 (646)	60,2 (1097)

**Tafla 12.** Ef þú hefur einhvern tíma hætt að stunda íþróttir með íþróttafélagi hversu miklu máli skiptu eftirfarandi: Tímaleysi.

Kyn	Svarmöguleikar	Landsbyggð % (fjöldi)	Höfuðborgar Svæðið % (fjöldi)	Heild % (fjöldi)
Strákur	skipti frekar miklu / mjög miklu máli	50,6 (355)	54,7 (520)	52,9 (875)
	skipti frekar litlu /mjög litlu máli	49,3 (346)	45,2 (430)	47,0 (776)
Stelpa	skipti frekar miklu / mjög miklu máli	55,8 (480)	53,0 (655)	54,2 (1135)
	skipti frekar litlu /mjög litlu máli	44,1 (379)	46,9 (579)	45,7 (958)

**Tafla 13.** Ef þú hefur einhvern tíma hætt að stunda íþróttir með íþróttafélagi hversu miklu máli skiptu eftirfarandi: Mikil samkeppni.

Kyn	Svarmöguleikar	Landsbyggð % (fjöldi)	Höfuðborgar Svæðið % (fjöldi)	Heild % (fjöldi)
Strákur	skipti frekar miklu / mjög miklu máli	28,3 (159)	35,3 (269)	32,3 (428)
	skipti frekar litlu /mjög litlu máli	71,6 (402)	64,6 (493)	67,6 (895)
Stelpa	skipti frekar miklu / mjög miklu máli	24,8 (164)	25,8 (251)	25,4 (415)
	skipti frekar litlu /mjög litlu máli	75,1 (497)	74,1 (720)	74,5 (1217)

**Tafla 14.** Ef þú hefur einhvern tíma hætt að stunda íþróttir með íþróttafélagi hversu miklu máli skiptu eftirfarandi: Of erfiðar æfingar.

Kyn	Svarmöguleikar	Landsbyggð % (fjöldi)	Höfuðborgar Svæðið % (fjöldi)	Heild % (fjöldi)
Strákur	skipti frekar miklu / mjög miklu máli	29,9 (163)	35,8 (266)	33,3 (429)
	skipti frekar litlu /mjög litlu máli	70,0 (381)	64,1 (477)	66,6 (858)
Stelpa	skipti frekar miklu / mjög miklu máli	22,5 (149)	25,0 (253)	24,0 (402)
	skipti frekar litlu /mjög litlu máli	77,4 (511)	74,9 (758)	75,9 (1269)


## *Samband við foreldra*

Sterk tengsl milli barna og foreldra þeirra verða seint ofmetin. Eins og kemur fram í inngangi hafa fjölmargar rannsóknarniðurstöður sýnt að samvistartími og samvera unglinga með foreldrum og fjölskyldu hafi margvísleg jákvæð áhrif í lífi þeirra. Þannig skiptir umhyggja foreldra/forráðamanna og eftirlit þeirra með börnum sínum miklu máli er varða framtíð barna þeirra. Á myndum 17 til 21 má sjá niðurstöður spurninga er lúta að því hversu algengt það er að ungmennin séu með foreldrum sínum utan skólatíma (á virkum dögum og um helgar). Ef byrjað er á því að skoða niðurstöður fyrir nemendur í 9. og 10. bekk má sjá (mynd 17) að hlutfallsleg aukning hefur orðið á milli árána 2006 og 2009, bæði hvað varðar stráka og stelpur. Þannig svara 37% stráka og 40% stelpna á landinu í heild því til árið 2009 að þau séu oft eða nær alltaf með foreldrum sínum utan skólatíma á virkum dögum. Á meðan hlutfallið var 32% meðal stráka árið 2006 og 34% hjá strákunum. Hér vekur þó athygli að nemendur sem eru búsettir á höfuðborgarsvæðinu eru síður líklegir til að segjast vera með foreldrum sínum utan skólatíma á virkum dögum í samanburði við nemendur sem búsettir eru á landsbyggðinni.


Þá má sjá að ef litið er aftur til ársins 1997 (mynd 18) að nemendur eru síður líklegir til að segjast vera nær aldrei með foreldrum sínum utan skólatíma á virkum dögum, en það ár svöruðu 27% þeirra að þau væru nær aldrei með foreldrum sínum á meðan niðurstöður fyrir árið 2009 sýna 10%. Að sama skapi hefur það aukist milli árána 1997 og 2009 að nemendur segist vera oft með foreldrum sínum utan skólatíma um helgar (mynd 18). Ef litið er á niðurstöður fyrir nemendur í 8. bekk má sjá að þeir eru hlutfallslega líklegri til að vera með foreldrum sínum utan skólatíma á virkum dögum. Þannig segjast rúm 40% stráka og um helmingur stelpna að þau séu oft eða nær alltaf með foreldrum sínum utan skólatíma á virkum dögum (mynd 19).

Sama hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk segjast vera með foreldrum sínum um helgar, eða sem nemur 45% (mynd 20). Hlutfallið er svipað meðal nemenda á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni, en hér sýna niðurstöður að hlutfallsleg aukning í samveru barna og foreldra hefur átt sér stað milli kannana. Þannig svöruðu um 28% stráka og um 36% stelpna því til árið 2006 að þau væru oft eða nær alltaf með foreldrum sínum um helgar. Ef litið er til niðurstaðan fyrir nemendur í 8. bekk má sjá (mynd 21) að þeir eru hlutfallslega líklegri í samanburði við nemendur í 9. og 10. bekk til að vera með foreldrum sínum um helgar. Hér munar nokkru á strákum og stelpum


og segjast um 59% stráka á landinu öllu slíkt eiga oft eða nær alltaf við um þá á meðan hlutfallið er 65% meðal stelpnanna.




Mynd 17. Ég er með foreldri/foreldrum utan skólatíma á virkum dögum. Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk greint eftir búsetu árin 2006 og 2009.




Mynd 18. Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk árin 1997, 2003, 2006 og 2009 sem segjast vera með foreldrum sínum utan skólatíma á virkum dögum.



Mynd 19. Ég er með foreldrum utan skólatíma á virkum dögum. Hlutfall stráka og stelpna í 8. bekk greint eftir kyni og búsetu árið 2009.



Mynd 20. Ég er með foreldri/foreldrum um helgar. Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk greint eftir búsetu árin 2006 og 2009.



Mynd 21. Ég er með foreldrum um helgar. Hlutfall stráka og stelpna í 8. bekk greint eftir kyni og búsetu árið 2009.


Ef litið er til þess hversu vel foreldrar fylgjast með börnum sínum sem og hversu vel þeir þekkja til vina barna sinna má sjá (myndir 22 til 28) að á heildina litið virðist meirihluti nemenda segja að það eigi mjög eða frekar vel við um þau að foreldrar þeirra fylgist með þeim. Hvort sem um er að ræða eftirlit með því hvar þau eru á kvöldin, með hverjum þau eru. Þannig segja um 81% stelpna í 9. og 10. bekk að það eigi mjög eða frekar vel við um þær að foreldrar þeirra viti með hverjum þær eru á kvöldin (mynd 22). Ef niðurstöður eru skoðaðar fyrir strákana má sjá að hlutfallið er lægra hjá þeim en um 65% þeirra segja að slíkt eigi mjög eða frekar vel við um þá. Að sama skapi eru stelpur hlutfallslega líklegri til að segja að foreldrar þeirra fylgist með því hvar þær eru á kvöldin eða sem nemur 85% á meðan 73% stráka segja að slíkt eigi mjög eða frekar vel við um þá (mynd 23). Nemendur voru inntir að því hversu vel það ætti við um þau að foreldrar þeirra þekki vini / vinkonur þeirra. Á mynd 24 má sjá að mikill meirihluti nemenda í 9. og 10. bekk segir að það eigi mjög eða frekar vel við um þau að foreldrar þeirra þekki vini þeirra og vinkonur. Hér kemur fram kynjamunur en 94% stelpna segja slíkt eiga mjög vel við um þær á meðan 85% stráka svara því til. Að sama skapi eru stelpur hlutfallslega líklegri til að segja að það eigi mjög eða frekar vel við um þær að foreldrar þeirra þekki foreldra vina/vinkvenna þeirra, eða sem nemur 74% á

meðan 62% stráka svara því til (mynd 25). Hér má sjá mun eftir búsetu nemenda þar sem nemendur búsettir á landsbyggðinni eru hlutfallslega líklegri til að segja að foreldrar þeirra þekki foreldra vina og vinkvenna þeirra í samanburði við nemendur sem búsettir eru á höfuðborgarsvæðinu og á það bæði við um stráka og stelpur (mynd 25).


Þá voru nemendur spurðir að því hversu vel það ætti við um þá að foreldrar þeirra fylgist með því hvað þau gera í frístundum sínum. Á mynd 26 má sjá að meirihluti stelpna og stráka segja að það eigi mjög eða frekar vel við um þau að foreldrar þeirra fylgist með því hvað þau gera í frístundum sínum. Hér kemur þó fram munur á milli kynja. Þannig segja um 77% stelpna á landinu öllu að slíkt eigi vel við um þær á meðan 64% stráka svara því til. Hér má einnig greina mun eftir búsetu nemenda. Þannig segja um 67% stráka á höfuðborgarsvæðinu að það eigi mjög vel við um þá að foreldrar þeirra fylgist með því hvað þeir geri í frístundum sínum á meðan hlutfallið er 59% á landsbyggðinni. Ef litið er á þessar niðurstöður fyrir stelpurnar kemur fram að 79% stelpna á höfuðborgarsvæðinu svara því til á með hlutfallið er 73% meðal stelpna á landsbyggðinni.

Þá sýna niðurstöður að mikill meirihluti nemenda segir að foreldrar þeirra viti hvar þau eru stödd á laugardagskvöldum (mynd 27). Niðurstöður sýna að sama skapi einnig að hlutfall þeirra nemenda sem segir að foreldrar þeirra viti nær aldrei, sjaldan eða stundum hvar þau eru á laugardagskvöldum hefur lækkað á milli árána 2006 og 2009. Þannig svöruðu 20% stráka árið 2006 því til á meðan hlutfallið er 16% nú árið 2009. Ef litið er til stelpnanna í þessu sambandi þá sögðu 16% þeirra árið 2006 að foreldrar þeirra vissu stundum, sjaldan eða nær aldrei hvar þær væru á laugardagskvöldum en nú árið 2009 á slíkt við um 12% þeirra (mynd 27).







Mynd 22. Foreldrar mínir fylgjast með því með hverjum ég er á kvöldin. Hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk greint eftir búsetu.




Mynd 23. Foreldrar mínir fylgjast með hvar ég er á kvöldin. Hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk greint eftir búsetu.




Mynd 24. Foreldrar mínir þekkja vini/vinkonur mína(r). Hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk greint eftir búsetu.




Mynd 25. Foreldrar mínir þekkja foreldra vina/vinkvenna minna. Hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk greint eftir búsetu.



Mynd 26. Foreldrar mínir fylgjast með því hvað ég geri í frístundum mínum. Hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk greint eftir búsetu.




Mynd 27. Vita foreldrar þínir hvar þú ert á laugardagskvöldum? Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk greint eftir búsetu árin 2006 og 2009.




Mynd 28. Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk sem segja foreldra sína **nær alltaf** vita hvar þau eru á laugardagskvöldum, árin 2003, 2006 og 2009.

Mikill meirihluti nemenda segir að það sé auðvelt fyrir þau að fá umhyggju og hlýju frá foreldrum sínum (mynd 29). Það eru þó engu að síður 6% stráka og 4% stelpna sem segja að það sé mjög eða frekar erfitt að sækja slíkt til foreldra sinna. Það á að sama skapi við mikinn meirihluta nemenda að eiga auðvelt með að fá samræður um persónuleg málefni (mynd 30). Hér er hlutfall nemenda sem segja slíkt vera mjög eða frekar erfitt þó mun hærra í samanburði við umhyggju og hlýju frá foreldrum. Þannig segjast um 15% stráka og um 16% stelpna að þau eigi mjög eða frekar erfitt með að fá samræður um persónuleg málefni hjá foreldrum sínum.


Ef litið er til þess hversu auðvelt eða erfitt það er fyrir nemendur í 9. og 10. bekk að fá ráðleggingar frá foreldrum sínum varðandi nám sitt má sjá (mynd 31) að um 90% stráka og 88% stelpna segja það mjög eða frekar auðvelt. Engu að síður segir nær einn af hverjum 10 nemendum að mjög eða frekar erfitt sé fyrir þau að fá ráðleggingar varðandi námið hjá foreldrum sínum.



Mynd 29. Hversu auðvelt eða erfitt væri fyrir þig að fá **umhyggju og hlýju hjá foreldrum þínum**? Hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk greint eftir búsetu og kyni.




Mynd 30. Hversu auðvelt eða erfitt væri fyrir þig að fá **samræður um persónuleg málefni hjá foreldrum þínum**? Hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk greint eftir búsetu og kyni.




Mynd 31. Hversu auðvelt eða erfitt væri fyrir þig að fá **ráðleggingar varðandi námið hjá foreldrum þínum**? Hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk greint eftir búsetu og kyni.

Þegar niðurstöður spurninga er lúta að útvistartíma nemenda í 9. og 10. bekk eru skoðaðar má sjá að mikill meirihluti nemenda hafði verið úti eftir klukkan 10 síðustu sjö dagana fyrir könnun (mynd 32). Þannig má sjá um 75% stráka og 76% stelpna hafði verið úti einu sinni eða oftar eftir klukkan 10. Lítinn munur er hér að finna milli höfuðborgarsvæðisins og landsbyggðarinnar (mynd 32). Ef skoðað er hversu algengt það var að nemendur hafi farið út og komið heim eftir miðnætti síðustu sjö dagana fyrir könnun má sjá (mynd 33) að um 36% stráka og 37% stelpna svöruðu því til. Þegar niðurstöður eru skoðaðar sérstaklega með tilliti til búsetu í þessu sambandi má sjá að lítil sem enginn munur á milli nemenda á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni.


Ef litið er til samanburðar á milli árunna 2000, 2003, 2006 og 2009 má sjá (mynd 34) að í ár 2009 sýna niðurstöður lægsta hlutfallið, bæði fyrir stráka og stelpur. Þannig má sjá að árið 2000 sögðust um 46% stráka og 50% stelpna að þau hefðu verið úti eftir miðnætti einu sinni eða oftar síðustu sjö dagana fyrir könnun. Nú árið 2009 er hlutfallið eins og áður segir 36% meðal stráka og 37% meðal stelpna.



Mynd 32. Ef þú hugsar um síðustu sjö daga, hve oft gerðir þú eftirfarandi? – **Var úti eftir klukkan tíu að kvöldi.** Hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk greint eftir búsetu og kyni.



Mynd 33. Ef þú hugsar um síðustu sjö daga, hve oft gerðir þú eftirfarandi? – **Fór út og kom heim eftir miðnætti.** Hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk greint eftir búsetu og kyni.




Mynd 34. Hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk sem hafa verið úti eftir miðnætti undanfarna 7 daga árin 2000, 2003, 2006 og 2009.




Á myndum 37 til 40 má sjá niðurstöður nokkurra spurninga er lúta að þátttöku og áhuga foreldra á félags- tómstunda, og íþróttastarfi barna sinna. Sem og hversu vikir foreldrarnir eru að mati barna þeirra í félags- og skólastarfi þeirra. Á mynd 37 kemur fram að nær helmingur nemenda segir að foreldrar þeirra leggi enga eða frekar litla áherslu á að þau taki þátt í skipulögðu félagsstarfi (öðru en íþróttum). Lítil munur er á milli stráka og stelpna en þó sýna niðurstöður að strákar eru hlutfallslega líklegri til að segja að foreldrar þeirra leggi enga eða litla áherslu á slíkt, eða um 48% stráka á meðan hlutfallið er 44% meðal stelpnanna. Ef litið er til þess hvernig nemendur upplifa þátttöku foreldra sinna í foreldrastarfi skólans (mynd 38) sýna niðurstöður að rétt innan við helmingur nemenda segir að foreldrar þeirra taki engan eða lítið þátt í slíku starfi. Hér má greina töluverðan mun eftir búsetu. Þannig eru nemendur á landsbyggðinni líklegri en nemendur búsettir á höfuðborgarsvæðinu til að segja að foreldrar sínir taki frekar eða mjög mikið þátt í foreldrastarfi innan skólans.

Meirihluti nemenda segir að foreldrar sínir leggi áherslu á að þeir stundi íþróttir eða líkamlega hreyfingu. Þannig má skjá um 58% stráka og 56% stelpna segja að foreldrar sínir leggi mjög eða frekar mikla áherslu á að þau stundi íþróttir eða aðra hreyfingu (mynd 35). Þá segir um helmingur nemenda að foreldrar þeirra fylgist með þátttöku þeirra í íþróttum. Engu að síður segja um 25% stráka og stelpna að foreldrar þeirra fylgist ekkert eða frekar lítið með þátttöku þeirra í íþróttum og er hlutfallið svipað eða það sama þegar litið er til búsetu nemenda (mynd 36). Meirihluti nemenda segir að foreldrar þeirra taki frekar lítið eða ekkert þátt í starfi íþróttafélagsins sem þau eru í. Um 55% stráka svara því til og 54% stelpna. Þegar þessar niðurstöður eru greindar eftir búsetu má sjá (mynd 39) að nemendur sem eru búsettir á landsbyggðinni eru þó líklegri til að segja að foreldrar þeirra taki frekar eða mjög mikið þátt í starfi íþróttafélagsins þeirra og er munurinn meiri þegar litið er til stelpna sem búsettir eru á landsbyggðinni.


Þá voru nemendur spurðir að því hversu mikinn þátt foreldra þeirra taka í félagsstarfi þeirra (öðru en íþróttum). Á mynd 40 má sjá að mikill meirihluti nemenda segir foreldra sína taka ekkert eða mjög lítið þátt í slíku starfi, þannig á slíkt við um 73% stráka og 68% stelpna. Þegar niðurstöður eru skoðaðar eftir búsetu í þessu sambandi er munurinn lítil sem enginn hvað strákana varðar, en stelpur sem búsettir eru á landsbyggðinni eru þó síður líklegar til að segja foreldra sína taka ekkert eða lítið þátt í félagsstarfi þeirra. Þannig á slíkt við um 63% stelpna á landsbyggðinni á meðan 72% stelpna á höfuðborgarsvæðinu svara því til (mynd 40).




Mynd 35. Foreldrar mínir leggja áherslu á að ég stundi íþróttir eða líkamlega hreyfingu. Hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk greint eftir búsetu og kyni.




Mynd 36. Foreldrar mínir fylgjast með þátttöku minni í íþróttum. Hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk greint eftir búsetu og kyni.




Mynd 37. Foreldrar mínir leggja áherslu á að ég taki þátt í skipulögðu félagsstarfi (öðru en íþróttum, t.d. félagsmiðstöð eða starfi skáta). Hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk greint eftir búsetu og kyni.



Mynd 38. Foreldrar mínir taka þátt í foreldrastarfi skólans. Hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk greint eftir búsetu og kyni.




Mynd 39. Foreldrar mínir taka þátt í starfi íþróttafélagsins sem ég er í. Hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk greint eftir búsetu og kyni.



Mynd 40. Foreldrar mínir taka þátt í félagsstarfi mínu (öðru en íþróttum). Hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk greint eftir búsetu og kyni.


## Sjálfsmynd

Ef litið er til þess hversu ánægðir nemendur eru með líf sitt má sjá (mynd 41) að stelpur eru líklegri í samanburði við stráka til segja fullyrðingin – ég er ánægð(ur) með líf mitt, lýsi þeim ekki nógu vel eða alls ekki. Árið 2009 á slíkt við um 16% stelpna á meðan 12% stráka svara því til. Ef niðurstöður fyrir árið 2009 eru bornar saman við árið 2006 má sjá að hlutfall þeirra stelpna sem segja að það lýsi þeim ekki nógu vel eða alls ekki að þær séu ánægðar með líf sitt hefur lækkað milli ára, úr 18% 2006 í 16% eins og fyrr segir. Hlutfallið hjá strákunum hefur aftur á móti hækkað um eitt prósentustig. Hér vekur athygli að stelpur á landsbyggðinni virðast telja fullyrðinguna eiga síður við sig í samanburði við stelpur á höfuðborgarsvæðinu, þannig segja um 19% stelpna á landsbyggðinni að fullyrðingin lýsi þeim ekki nógu vel eða alls ekki á með 14% stelpna á höfuðborgarsvæðinu telja svo vera.



Mynd 41. Ég er ánægð(ur) með líf mitt. Hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk sem segja það lýsa sér ekki nógu vel eða alls ekki. Greint eftir búsetu og kyni árin 2006 og 2009.

Þá voru nemendur beðnir um að taka afstöðu til fullyrðingarinnar – ég er hamingjusöm / hamingjusamur. Á mynd 42 má sjá að 13% stráka og 14% stelpna segja að það lýsi þeim ekki nógu vel eða alls ekki. Líkt og varðandi ánægju með líf sitt hefur hlutfallið lækkað milli ára 2006 og 2009 hvað stelpurnar varða (úr 16% í 14%), en hækkað um eitt prósentustig þegar litið er til niðurstaðna fyrir strákana (úr 12% í 13%).



Mynd 42. Ég er hamingjusöm / hamingjusamur. Hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk sem segja það lýsa sér ekki nógu vel eða alls ekki. Greint eftir búsetu og kyni árin 2006 og 2009.

Í töflum 15 til 18 má sjá niðurstöður varðandi líðan nemendanna viku fyrir könnun, það hversu oft ef nokkurn tíma þeir hafa upplifað það að vera einmana (tafla 15), að þeir hafi grátið auðveldlega eða langað til að gráta (tafla 16), að þeir hafi verið niðurdregnir eða daprir (tafla 17) eða að þeim hafi fundist framtíðin vonlaus. Ef byrjað er að skoða hversu oft nemendur í 9. og 10. bekk hafa fundið fyrir einmanaleika má sjá (tafla 15) að rúm 4% stráka segjast oft hafa fundið fyrir því að vera einmana á meðan tæp 9% stelpna svara því til. Stelpur eru að sama skapi líklegri en strákar til að segjast hafa grátið oft eða langað oft til að gráta, eða tæp 12% stelpna á móti 2% stráka (tafla 16). Tæp 4% stráka segjast oft hafa verið niðurdregnir eða daprir, á meðan 8% stelpna svara

því til (tafla 17). Þá höfðu rúm 3% stráka og rúm 4% stelpna oft upplifað það viku fyrir könnun að þeim fyndist framtíðin vonlaus (tafla 18).

**Tafla 15.** Hversu oft varðst þú var/vör við eftirfarandi vanlíðan eða óþægindi síðastliðna viku? – **þér fannst þú einmana.** Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk, greint ef búsetu árið 2009.

Kyn:	Svarmöguleikar:	Landsbyggð % (fjöldi)	Höfuðborgarsvæðið % (fjöldi)	Heild % (fjöldi)
Strákur	Nær aldrei	60,8 (896)	65,5 (1367)	63,5 (2263)
	Sjaldan	21,9 (323)	21,6 (452)	21,8 (775)
	Stundum	12,1 (178)	9,0 (187)	10,2 (365)
	Oft	5,2 (76)	3,9 (82)	4,4 (158)
Stelpa	Nær aldrei	44,5 (697)	51,4 (1097)	48,5 (1794)
	Sjaldan	25,6 (401)	25,1 (535)	25,3 (936)
	Stundum	20,2 (317)	15,7 (335)	17,6 (652)
	Oft	9,8 (153)	7,8 (167)	8,6 (320)

**Tafla 16.** Hversu oft varðst þú var/vör við eftirfarandi vanlíðan eða óþægindi síðastliðna viku? – **Þú grést auðveldlega eða langaði til að gráta.** Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk, greint ef búsetu árið 2009.

Kyn:	Svarmöguleikar:	Landsbyggð % (fjöldi)	Höfuðborgarsvæðið % (fjöldi)	Heild % (fjöldi)
Strákur	Nær aldrei	82,9 (1221)	84,9 (1768)	84,1 (2989)
	Sjaldan	10,9 (160)	10,0 (208)	10,4 (368)
	Stundum	4,1 (60)	3,3 (68)	3,6 (128)
	Oft	2,1 (31)	1,9 (39)	2,0 (70)
Stelpa	Nær aldrei	44,0 (689)	45,2 (969)	44,7 (1658)
	Sjaldan	21,3 (334)	23,9 (513)	22,8 (847)
	Stundum	21,3 (333)	20,4 (437)	20,8 (770)
	Oft	13,5 (211)	10,4 (223)	11,7 (434)

**Tafla 17.** Hversu oft varðst þú var/vör við eftirfarandi vanlíðan eða óþægindi síðastliðna viku? – Þú varst niðurdregin(n) eða dapur/döpur. Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk, greint ef búsetu árið 2009.

Kyn:	Svarmöguleikar:	Landsbyggð % (fjöldi)	Höfuðborgarsvæðið % (fjöldi)	Heild % (fjöldi)
Strákur	Nær aldrei	67,4 (987)	70,6 (1467)	69,3 (2454)
	Sjaldan	19,6 (287)	18,0 (374)	18,7 (661)
	Stundum	9,1 (133)	7,8 (162)	8,3 (295)
	Oft	4,0 (58)	3,6 (74)	3,7 (132)
Stelpa	Nær aldrei	42,1 (659)	46,3 (992)	44,5 (1651)
	Sjaldan	29,4 (461)	28,9 (619)	29,1 (1080)
	Stundum	20,2 (316)	16,9 (363)	18,3 (679)
	Oft	8,4 (131)	7,9 (170)	8,1 (301)

**Tafla 18.** Hversu oft varðst þú var/vör við eftirfarandi vanlíðan eða óþægindi síðastliðna viku? – Þér fannst framtíðin vonlaus. Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk, greint ef búsetu árið 2009.


Kyn:	Svarmöguleikar:	Landsbyggð % (fjöldi)	Höfuðborgarsvæðið % (fjöldi)	Heild % (fjöldi)
Strákur	Nær aldrei	76,8 (1121)	80,3 (1671)	78,9 (2792)
	Sjaldan	12,7 (185)	11,0 (229)	11,7 (414)
	Stundum	6,8 (99)	5,8 (120)	6,2 (219)
	Oft	3,7 (54)	2,9 (60)	3,2 (114)
Stelpa	Nær aldrei	69,3 (1085)	72,7 (1556)	71,3 (2641)
	Sjaldan	16,1 (252)	16,2 (346)	16,1 (598)
	Stundum	9,6 (150)	7,1 (153)	8,2 (303)
	Oft	5,0 (78)	4,0 (85)	4,4 (163)




## Nám og skóli

Mikill meirihluti nemenda segir að það eigi stundum, sjaldan eða nær aldrei við um þau að finnast námið tilgangslaust (mynd 43). Strákar eru þó hlutfallslega líklegri til að segja að það eigi nær alltaf eða oft við um þá að þeim finnst námið tilgangslaust. Þannig segja um 11% stráka slíkt eiga við um þá á meðan hlutfallið er 6% meðal stelpnanna. Ef litið er til búsetu nemenda þá kemur ekki fram mikill munur í þessu sambandi.

Hlutfall nemenda sem segja að það eigi nær alltaf eða oft við um þá að þeim leiðist námið er 34% meðal stráka og 21% meðal stelpna. Lítil munur kemur fram ef litið er til viðhorfs eftir búsetu, rétt um 1% þar sem strákar á landsbyggðinni (34%) eru lítið eitt líklegri til að segja að það eigi nær alltaf eða oft við um þá að leiðast námið í samanburði við 33% stráka á höfuðborgarsvæðinu. Hvað stelpurnar varðar þá eru 20% á landsbyggðinni á móti 21% stelpna á höfuðborgarsvæðinu þeirrar skoðunar (mynd 44).



Mynd 43. Mér finnst námið tilgangslaust. Hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk greint eftir búsetu og kyni.



Mynd 44. Mér leiðist námið. Hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk greint eftir búsetu og kyni.

Mikill meirihluti nemenda segir að það eigi stundum, sjaldan eða nær aldrei við um þá að vera illa undirbúinn fyrir kennslustund (mynd 45), þannig segja um 88% stráka og 91% stelpna svo vera. Munurinn er lítill eða enginn þegar litið er til búsetu nemenda en þessar niðurstöður sýna að 12% stráka á móti 9% stelpna eru þeirrar skoðunar að þau séu nær alltaf eða oft illa búin undir kennslustundir. Um 22% strákar og 17% stelpna telja sig ekki leggja nægjanlega rækt við námið (mynd 46). Hér kemur enginn munur fram milli stráka eftir búsetu, en stelpur á höfuðborgarsvæðinu (18%) eru hlutfallslega líklegri til að telja sig ekki leggja nægjanlega rækt við námið í samanburði við stelpur á landsbyggðinni (16%).

Á mynd 47 má sjá að 12% stráka og 7% stelpna segja að það eigi nær alltaf eða oft við um þau að nám þeirra sé of létt. Strákar á höfuðborgarsvæðinu (13%) eru hlutfallslega líklegri til að telja svo vera í samanburði við stráka á landsbyggðinni (11%), á meðan ekki er greinanlegur munur á stelpum eftir búsetu. Ef litið er til nemenda sem segja það eiga nær alltaf eða oft við um þá að telja nám sitt of þungt má sjá (mynd 48) að sama hlutfall stráka og stelpna segja svo vera, eða sem nemur 19%.


Mikill meirihluti nemenda segir að það eigi stundum, sjaldan eða nær aldrei við um þá að líða illa í skólanum. Það eru þó um 7% stráka og stelpna sem segja að það eigi nær alltaf eða oft við um

þau (mynd 49). Þá segja um 10% stráka og 9% stelpna að það eigi nær alltaf eða oft við um þau að þau langi til að hætta í skólanum (mynd 50) og 7% stráka og 10% stelpna eru sömu skoðunar varðandi það að skipta um skóla (mynd 51).


Ef litið er til þess hvernig nemendum semur við kennarana má sjá að 10% stráka og 5% stelpna segja að það eigi nær alltaf eða oft við um þau að semja illa við kennarana. Í þessu sambandi kemur ekki greinanlegur munur fram á milli nemenda eftir búsetu (mynd 52).

Í könnuninni voru nemendur beðnir um að svara því hvað þeim þætti líklegast að þau kæmu til með að gera að loknu núverandi námi. Á mynd 53 má sjá að hlutfallslega flestir hyggja á nám í mennta- eða fjölbrautarskóla. Þannig segjast um 78% stráka á móti 91% stelpna að það sem líklegast að þau fari í mennta- eða fjölbrautarskóla. Strákar (18%) eru þannig líklegri til að segjast ætla í iðn- eða verknám að loknu núverandi námi í samanburði við stelpur (7%). Þá má einnig greina mun eftir búsetu nemenda. Nemendur sem búsettir eru á landsbyggðinni eru hlutfallslega líklegri til að segjast ætla í iðn- eða verknám að loknu núverandi námi þó hlutfallið sé vissulega mun hærra meðal stráka á landsbyggðinni (23%) borið saman við stelpur þar (9%). Ef litið er til þess hversu hátt hlutfall nemenda segist fara að vinna að loknu núverandi námi þá er hlutfallið 4% meðal strákanna á meðan 2% stelpna svara því til (mynd 53). Ef niðurstöður eru skoðaðar fyrir nemendur í 8. bekk má sjá (mynd 54) að hlutfall nemenda sem ætla í iðn- eða verknám er mun hærra meðal áttundubekkinga í samanburði við nemendur í 9. og 10. bekk. Þannig segjast um 44% stráka og 36% stelpna í 8. bekk að þau hyggi á slíkt nám. Hlutfall þeirra sem ætla í bóknám eða framhaldskólanám er 48% meðal stráka og 59% meðal stelpna og 8% stráka á móti 5% stelpna ætla að vinna að loknu núverandi námi (mynd 54).


Ef litið er til þess hversu líklegt nemendur telja að þeir fari í nám á háskólastigi má sjá (mynd 55) að árið 2009 segja um 75% nemenda að þeir ætli í nám á háskólastigi á meðan hlutfallið var 72% árið 2006. Þá sýnir myndin einnig að nemendur sem búsettir eru á höfuðborgarsvæðinu (79%) eru hlutfallslega mun líklegri til að segjast ætla í nám á háskólastigi í samanburði við nemendur á landbyggðinni (70%).




Mynd 45. Mér finnst ég illa búin(n) undir kennslustundir. Hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk greint eftir búsetu og kyni.




Mynd 46. Mér finnst ég ekki leggja nægjanlega rækt við námið. Hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk greint eftir búsetu og kyni.




Mynd 47. Mér finnst námið vera of létt. Hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk greint eftir búsetu og kyni.




Mynd 48. Mér finnst námið vera of þungt. Hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk greint eftir búsetu og kyni.




Mynd 49. Mér líður illa í skólanum. Hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk greint eftir búsetu og kyni.




Mynd 50. Mig langar til að hætta í skólanum. Hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk greint eftir búsetu og kyni.




Mynd 51. Mig langar til skipta um skóla. Hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk greint eftir búsetu og kyni.



Mynd 52. Mér semur illa við kennarana. Hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk greint eftir búsetu og kyni.



Mynd 53. Hvað finnst þér líklegt að þú gerir að loknu núverandi námi? Hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk greint eftir búsetu og kyni.




Mynd 54. Hvað finnst þér líklegt að þú gerir að loknu núverandi námi? Hlutfall nemenda í 8. bekk greint eftir búsetu og kyni.



**Tafla 19.** Hvað finnst þér líklegt að þú gerir að loknu núverandi námi? Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk, greint ef búsetu árin 2006 og 2009.


Kyn:	Svarm.leikar:	2006			2009		
		Landsb. % (fjöldi)	Höfuðb. % (fjöldi)	Heild %(fjöldi)	Landsb. % (fjöldi)	Höfuðb. % (fjöldi)	Heild % (fjöldi)
Strákar	Fer í mennta- eða fjölb.skóla	67,2 (828)	79,2 (1836)	75,0 (2664)	72,2 (1064)	81,9 (1724)	77,9 (2788)
	Fer í iðnnám eða verknám	28,3 (349)	17,9 (415)	21,5 (764)	22,7 (335)	15,4 (324)	18,4 (659)
	Fer að vinna	4,5 (56)	2,8 (66)	3, (122)	5,1 (75)	2,7 (56)	3,7 (131)
Stelpur	Fer í mennta- eða fjölb.skóla	86,9 (1042)	91,5 (2196)	90,0 (3238)	88,5 (1382)	93,4 (1999)	91,3 (3381)
	Fer í iðnnám eða verknám	11,0 (132)	6,9 (165)	8,3 (297)	9,3 (145)	5,3 (114)	7,0 (259)
	Fer að vinna	2,1 (25)	1,6 (39)	1,8 (64)	2,2 (35)	1,3 (27)	1,7 (62)




**Mynd 55.** Hversu líklegt finnst þér að þú farir í nám á háskólastigi? Hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk greint eftir búsetu árin 2006 og 2009.

## Atvinna og staða fjölskyldunnar

Meirihluti nemenda í 9. og 10. bekk vinnur ekki með náminu (mynd 56), niðurstöður sýna einnig að hlutfall þeirra sem vinnur ekki með náminu hefur hækkað milli árána 1997, 2006 og 2009. Þannig sögðust 63% vinna ekki með námi árið 1997, hlutfallið var 64% árið 2006 en er nú eins og áður segir 69%. Ef niðurstöður eru greindar eftir kyni og búsetu má sjá (mynd 57) að strákar eru hlutfallslega líklegri í samanburði við stelpur til að vinna ekki með skólanum. Þannig segjast um 78% stráka á móti 74% stelpna að þau vinni ekki með skólanum. Að sama skapi er hlutfall nemenda sem vinna ekki með skólanum hærra á höfuðborgarsvæðinu í samanburði við landsbyggðina. Algengast er að þeir sem vinna með skólanum vinni sem nemur einni til fjórum klukkustundum í viku hverri.



Mynd 56. Hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk árin 1997, 2006 og 2009 eftir því hve mikið þau vinna með náminu í viku hverri.




Mynd 57. Hlutfall nemenda í 8. bekk árið 2009 eftir því hve mikið þau vinna með náminu í viku hverri, greint eftir kynferði og búsetu.

Í könnuninni voru nemendur beðnir um að meta virðingastöðu sína, fjölskyldu sinnar sem og fjárhagslegar aðstæður fjölskyldunnar. Á myndum 58 til 64 gefur að líta hluta niðurstaðna. Ef byrjað er á því að skoða hvernig nemendur upplifa virðingastöðu fjölskyldu sinnar í samfélaginu má sjá (mynd 58) að meirihlutinn telur hana vera álíka og virðingastöðu annarra fjölskyldna í samfélaginu. Það eru þó um 4% stráka og 5% stelpna sem upplifa virðingastöðu fjölskyldu sinnar í samfélaginu lægri í samanburði við aðrar fjölskyldur.


Ef litið er til þess hversu vel fjárhagslega stæða nemendur telja fjölskyldu sína vera í samanburði við aðrar fjölskyldur á Íslandi sýna niðurstöður (mynd 59). Að um helmingur nemenda telur fjölskyldu sína vera álíka jafn vel stæða og aðrar fjölskyldur í samfélaginu. Ef litið er á niðurstöður fyrir árið 2009 í samanburði við árið 2006 má sjá að á meðan 51% nemenda taldi fjárhagsstöðu fjölskyldu sinnar álíka og annarra fjölskyldna er hlutfallið 46% 2009. Sama hlutfall kemur þó fram þegar litið er til þeirra sem telja fjárhagsstöðu fjölskyldu sinnar betri en annarra, eða

42%. Hærra hlutfall nemenda segir nú árið 2009 (12%) að fjárhagsstaða fjölskyldu þeirra sé verri en annarra í samanburði við árið 2006 (7%), þá er greinanlegur munur á milli búsetu þar sem nemendur á landsbyggðinni (14%) eru líklegri til að telja fjárhagsstöðu fjölskyldu sinnar verri en annarra í samanburði við nemendur á höfuðborgarsvæðinu (11%).


Nemendur voru beðnir um að taka afstöðu til fullyrðinga er snertu fjárhagsaðstöðu foreldra sinna. Á mynd 61 má sjá niðurstöður þegar nemendur voru spurðir að því hvort foreldrar þeirra væru illa staddir fjárhagslega í samanburði við árið 2006. Mikill meirihluti nemenda segir að það eigi nær aldrei, sjaldan eða stundum við um foreldra sína að þau séu illa stödd fjárhagslega. Árið 2006 sögðu 3% stráka og 4% stelpna að slíkt ætti oft eða nær alltaf við um foreldra þeirra. Nú árið 2009 er hlutfallið 4% meðal stráka og 7% hjá stelpum. Um 2% stráka og stelpna segja að það eigi oft eða nær alltaf við að foreldrar þeirra hafi ekki efni á að eiga bíl (mynd 62), sama hlutfall og niðurstöður sýndu árið 2006. Nú árið 2009 sýna niðurstöður að 3% stráka og 5% stelpna segja það eiga oft eða nær alltaf við að foreldrar þeirra hafi varla næga peninga til að borga brýnustu nauðsynjar (mynd 63). Í samanburði við árið 2006 eru þetta mjög sambærilegar niðurstöður þegar 4% stráka og stelpna töldu svo vera. Árið 2009 segja um 3% stráka og 4% stelpna að það eigi oft eða nær alltaf við að foreldrar þeirra hafi ekki ráð á að þeirri tólmstundastarfsemi sem þau vildi helst stunda og er enginn munur hér á milli árána 2006 og 2009.




Mynd 58. Hversu há eða lág telur þú að virðingarstaða fjölskyldu þinnar í samfélaginu sé miðað við aðrar fjölskyldur á Íslandi? Hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk greint eftir búsetu og kyni.




Mynd 59. Hversu vel fjárhagslega stæða telur þú fjölskyldu þína vera miðað við aðrar fjölskyldur á Íslandi? Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk greint eftir búsetu árin 2006 og 2009.




Mynd 60. Ef þú hugsar um virðingastöðu þína í hópi vina, hvar myndir þú staðsetja þig í hópi þeirra? Hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk greint eftir búsetu og kyni.




Mynd 61. Foreldrar mínir eru illa staddir fjárhagslega. Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk greint eftir búsetu árin 2006 og 2009.



Mynd 62. Foreldrar mínir hafa ekki efni á að eiga bíl. Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk greint eftir búsetu árin 2006 og 2009.



Mynd 63. Foreldrar mínir hafa varla næga peninga til að borga brýnustu nauðsynjar (t.d. mat, húsnæði, síma). Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk greint eftir búsetu árin 2006 og 2009.




**Mynd 64.** Foreldrar mínir hafa ekki ráð á þeirri tómsundastarfsemi sem þú vilt helst stunda (t.d. ástundum tónlistar eða íþróttar). Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk greint eftir búsetu árin 2006 og 2009.


Ef litið er til þess hvort nemendur hafi rifist alvarlega við foreldra sína má sjá (mynd 65) að 27% stráka og 36% stelpna hafa rifist við foreldra sína einu sinni eða oftar síðastliðna 12 mánuði fyrir könnun. Í samanburði við árið 2006 er þetta lægra hlutfall hvað stelpurnar varðar en hærra meðal strákar. Þannig átti þetta við um 33% stráka árið 2006 en 41% stelpna sama ár. Þegar litið er til þess hvort nemendur hafi orðið vitni af alvarlegu rifrildi foreldra sinni einu sinni eða oftar síðastliðna 12 mánuði fyrir könnun, má sjá (mynd 66) að um 18% stráka og 24% stelpna segja svo vera árið 2009. Þessar niðurstöður sýna einnig að hlutfallslega færri nemendur höfðu upplifað slíkt árið 2009 í samanburði við árið 2006 þegar 20% stráka og 26% stelpna svöruðu því til.

Á mynd 67 má sjá hvort nemendur hafi upplifað það að faðir eða móðir hafi misst atvinnu sína. Árið 2009 segja 16% stráka og stelpna að slíkt hafi komið fyrir þau á síðastliðnum 12 mánuðum. Hér sýna niðurstöður að hærra hlutfall nemenda hefur upplifað slíkt árið 2009 í samanburði við árið 2006 þegar 10% stráka og 11% stelpna sögðust hafa upplifað slíkt á síðastliðnum 12 mánuðum.






Mynd 65. Hefur eftirfarandi komið fyrir þig – Þú rifist alvarlega við foreldra þína? Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk greint eftir búsetu árin 2006 og 2009.



Mynd 66. Hefur eftirfarandi komið fyrir þig – Þú orðið vitni að alvarlegu rífrildi foreldra þinna? Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk greint eftir búsetu árin 2006 og 2009.




Mynd 67. Hefur eftirfarandi komið fyrir þig –**Faðir eða móðir misst atvinnu sína?** Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk greint eftir búsetu árin 2006 og 2009.


## Heilsa

Nemendur voru spurðir að því hversu góð líkamleg heilsa þeirra væri og sýnir mynd 68 niðurstöður þeirrar spurningar. Eins og sjá má telur meirihluti nemenda að líkamleg heilsa þeirra sé góð eða mjög góð. Ef litið er á niðurstöður fyrir stráka þá telja 84% þeirra að líkamleg heilsa þeirra sé góð eða mjög góð á meðan 16% stráka segja hana vera sæmilega eða slæma. Hvað stelpurnar varðar þá telja hlutfallslega færri stelpur sig búa við góða eða mjög góða líkamlega heilsu eða sem svarar til 79% á meðan 21% stelpna segir að líkamleg heilsa þeirra sé sæmileg eða slæm.

Ef litið er til þess hversu góða andlega heilsu nemendur telja sig hafa má sjá (mynd 69) að 855 stráka á móti 78% stelpna telja andlega heilsu sína vera góða eða mjög góða. Að sama skapi er hlutfall þeirra sem telja andlega heilsu sína sæmilega eða slæma hærra meðal stelpna (22%) en stráka (15%).



Mynd 68. Hversu góð er líkamleg heilsa þín? Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk árið 2009, greint eftir búsetu.




Mynd 69. Hversu góð er andleg heilsa þín? Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk árið 2009, greint eftir búsetu.


Á myndum 70 og 71 má sjá niðurstöður þar sem svefntími nemendanna og andleg og líkamleg heilsa þeirra eru skoðuð saman. Ef byrjað er á því að skoða líkamlega heilsu út frá svefntíma má sjá (mynd 70) að þeir nemendur sem telja líkamlega heilsu sína góða eða mjög góða eru líklegri til að sofa 8 til 9 klukkustundir. Þá má greinilega sjá að þeir nemendur sem telja líkamlega heilsu sína vera sæmilega eða slæma er hlutfallalega líklegri til að sofa minna en 6 klukkustundir á viku. Þannig sýna niðurstöður 63% þeirra stráka sem sofa minna en 6 klukkustundir eða skemur telja líkamlega heilsu sína góða eða mjög góða, á meðan 37% þeirra segja hana sæmilega eða slæma. Svipað mynstur kemur fram þegar niðurstöður eru skoðaðar fyrir stelpur, þar má til að mynda sjá að af þeim stelpum sem fá 8 til 9 klukkustunda svefn á nóttu segja 86% að líkamleg heilsa þeirra sé góð eða mjög góða á meðan 15% þeirra sem hafa sama svefntíma segir hana sæmilega eða slæma.

Niðurstöður sýna einnig að þeir nemendur sem fá nægan svefn eru líklegri til að telja andlega heilsu sína góða eða mjög góða (mynd 71). Þannig má sjá að af þeim strákum sem fá um 8 til 9 tíma svefn telja 90% þeirra andlega heilsu sína vera góða eða mjög góða og 10% að hún sé sæmileg eða slæm. En þegar litið er til þeirra stráka sem sofa minna en 6 klukkustundir má sjá að einungis 60% þeirra telja andlega heilsu sína góða eða mjög góða en 40% þeirra segja hana sæmilega eða slæma. Niðurstöður eru enn meira afgerandi þegar litið er til stelpnanna þar sem 43% þeirra sem sofa 6 klukkustundir eða skemur telja andlega heilsu sína góða á meðan 57% þeirra segja hana sæmilega eða slæma.


Ef haldið er áfram að skoða heilsu nemenda og að þessu sinni út frá því hversu oft nemendurnir reyna á sig þannig að þau mæðist verulega eða svitni má sjá (myndir 72 og 73) að hreyfing hefur áhrif á líkamlega og andlega heilsu þeirra. Af þeim nemendum sem hreyfa sig verulega fjórum sinnum í viku eða oftar telja 91% þeirra að líkamleg heilsa þeirra sé góð eða mjög góð (mynd 72) á meðan einungis 61% þeirra sem hreyfa sig nær aldrei þannig að þau mæðist eða svitni telja líkamlega heilsu sína góða eða mjög góða. Sama mynstur má sjá þegar andleg heilsa og veruleg hreyfing eru skoðuð (mynd 73). Þannig telja 87% þeirra sem hreyfa sig verulega fjórum sinnum í viku eða oftar að andleg heilsa þeirra sé góð eða mjög góð, á meðan 67% þeirra sem hreyfa sig nær aldrei verulega segja svo vera.




Mynd 70. Hversu góð er líkamleg heilsa þín, greint eftir því hversu langan nætursvefn nemendur fá á nóttu. Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk árið 2009.



Mynd 71. Hversu góð er andleg heilsa þín, greint eftir því hversu langan nætursvefn nemendur fá á nóttu. Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk árið 2009.




Mynd 72. Hversu góð er líkamleg heilsa þín, greint eftir því hversu oft nemendur reyna á sig þannig að þeir mæðist verulega eða svitnir?



Mynd 73. Hversu góð er andleg heilsa þín, greint eftir því hversu oft nemendur reyna á sig þannig að þeir mæðist verulega eða svitnir?

## Vímuefnaneysla

Á mynd 74 má sjá þróun vímuefnaneyslu nemenda í 10. bekk á Íslandi frá árinu 1997 til ársins 2009. Eins og sjá má hefur náðst gífurlegur árangur á þessum árum. Nú árið 2009 hafa 19% nemenda í 10. bekk orðið drukkin síðastliðna 30 daga, 10% þeirra reykja daglega og 6% hafa notað hass einu sinni eða oftar um ævina.



Mynd 74. Þróun vímuefnaneyslu unglunga í 10. bekk á Íslandi árin 1997 til 2009.

Ef byrjað er á því að skoða sérstaklega daglegar reykingar meðal nemenda í 9. og 10. bekk má sjá (mynd 75) að 7% stelpna og stráka í 9. og 10. bekk segjast reykja daglega. Hlutfallið er ívið lægra sé litið til búsetu nemenda, þar sem 6% stráka og stelpna sem búsett eru á landsbyggðinni segjast reykja daglega. Þegar litið er á niðurstöður fyrir áttundubekkinga má sjá að daglegar reykingar þeirra eru vart mælanlegar og segjast um 1% nemenda í 8. bekk reykja daglega og er það hlutfall óháð búsetur (mynd 76).




Ef skoðað er sérstaklega hvort nemendur hafi drukkið áfengið af einhverju tagi um ævina sýna niðurstöður (mynd 78) að 56% stráka og stelpna segja að slíkt eigi við um þau. Niðurstöður sýna einnig að hlutfallið er mjög svipað meðal nemenda á landsbyggðinni í samanburði við höfuðborgarsvæðið. Nemendur eru einnig spurðir að því hvort þeir hafi drukkið áfengið síðastliðna 30 daga fyrir könnun og má sjá (mynd 79) að 22% stráka og 25% stelpna segjast hafa drukkið áfengið einu sinni eða oftár síðastliðna 30 daga.


Í framhaldinu er vert að skoða hvort nemendur hafi orðið ölvaðir. Mynd 80 sýnir þá nemendur sem hafa aldrei orðið ölvaðir ásamt þeim sem hafa orðið ölvaðir einu sinni eða oftár um ævina. Þar sýna niðurstöður að mikill meirihluti nemenda hefur aldrei orðið ölvaður um ævina. Það eru engu að síður um 26% stráka og 29% stelpna sem segjast hafa orðið ölvuð einu sinni eða oftár um ævina. Líttinn sem engan mun er að finna eftir því hvar nemendur eru búsettir. Ef litið er á niðurstöður fyrir nemendur í 8. bekk (mynd 81) sýna niðurstöður að ríflega níu af hverjum tíu nemendum segja að slíkt hafi aldrei gerst. Slíkt á þó engu að síður við 9% stráka og 6% stelpna í 8. bekk. Hér má greina mun eftir búsetu þar sem strákar á landsbyggðinni eru líklegri til að hafa orðið ölvaðir (11%) í samanburði við stráka á höfuðborgarsvæðinu (8%). Dæmið snýst við þegar kemur að stelpum þar sem stelpur á höfuðborgarsvæðinu eru líklegri til að hafa orðið ölvaðar einu sinni eða oftár síðastliðna 30 daga (7%) í samanburði við stelpur á landsbyggðinni (4%).

Sé það skoðað sérstaklega hvort nemendur hafi orðið ölvaðir einu sinni eða oftár síðastliðna 30 daga sýna niðurstöður að mikill meirihluti nemenda segir svo ekki vera. Ef litið er sérstaklega til nemenda í 9. og 10. bekk sést (mynd 82) að 89% stráka og 85% stelpna segja að slíkt eigi ekki við um þau. Það eru þó engu að síður 11% stráka og 15% stelpna sem segjast hafa orðið ölvuð einu sinni eða oftár síðastliðna 30 daga. Ef niðurstöður eru greindar eftir búsetu má sjá að strákar á landsbyggðinni (10%) eru síður líklegir til að hafa orðið ölvaðir síðastliðna 30 daga í samanburði við stráka á landsbyggðinni (12%). Munurinn er einnig greinanlegur ef litið er til stelpna þó hann sé ekki nema eitt prósentustig stelpum á landsbyggðinni í hag. Ölvun síðastliðna 30 daga meðal nemenda í 8. bekk er um 2% meðal stráka og stelpna (mynd 83).


Í kjölfar þessara niðurstaðan er fróðlegt að skoða myndir 83 og 84 þar sem sést að þeir nemendur sem hafa upplifað það að sjá föður sinn (mynd 83) eða móður sína (mynd 84) ölvaða eru hlutfallslega mun líklegri til að hafa orðið ölvaðir einu sinni eða oftár síðastliðna 30 dag.




Mynd 75. Hve mikið hefur þú reykt að jafnaði síðustu 30 daga? Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk árið 2009.




Mynd 76. Hve mikið hefur þú reykt að jafnaði síðustu 30 daga? Hlutfall nemenda í 8. bekk, greint eftir kynferði og búsetu árið 2009.




Mynd 77. Hve oft hefur þú drukkið áfengi af einhverju tagi **um ævina**? Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk árið 2009.




Mynd 78. Hve oft hefur þú drukkið áfengi af einhverju tagi **síðastliðna 30 daga**? Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk árið 2009.




Mynd 79. Hve oft hefur þú orðið drukkin(n) um ævina? Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk árið 2009.




Mynd 80. Hve oft hefur þú orðið drukkin(n) um ævina? Hlutfall stráka og stelpna í 8. bekk árið 2009.




Mynd 81. Hve oft hefur þú orðið drukkin(n) síðastliðna 30 daga? Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk árið 2009.



Mynd 82. Hve oft hefur þú orðið drukkin(n) síðastliðna 30 daga? Hlutfall stráka og stelpna í 8. bekk árið 2009.



Mynd 83. Drekkur **faðir** þinn þannig að hann verði drukkinn?, greint eftir því hvort nemendur hafi orðið ölvaðir einu sinni eða oftar sl. 30 daga. Hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk árið 2009.




Mynd 84. Drekkur **móðir** þín þannig að hún verði drukkinn?, greint eftir því hvort nemendur hafi orðið ölvaðir einu sinni eða oftar sl. 30 daga. Hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk árið 2009.

Þegar skoðað er hvort nemendur hafi prófað munn- eða neftóbak einu sinni eða oftari um ævina má sjá (mynd 85) að 20% stráka og 6% stelpna segjast hafa prófað munntóbak einu sinni eða oftari um ævina. Þegar litið er á notkun á neftóbaki kemur í ljóst að hlutfallið er enn hærra. Þannig hafa 31% stráka og 13% stelpna notað neftóbak einu sinni eða oftari um ævina. Hér sýna niðurstöður einnig að strákar og stelpur sem búsett eru á landsbyggðinni eru mun líklegri til að hafa notað neftóbak einu sinni eða oftari um ævina (mynd 85).


Þegar niðurstöður eru skoðaðar fyrir nemendur í 8. bekk (mynd 86) sést að um 5% stráka og 1% stelpna hafa notað munntóbak einu sinni eða oftari um ævina og 13% stráka og 3% stelpna hafa notað nettóbak sem því nemur. Hér má einnig greina mun sé litið til búsetu nemenda og þá sér í lagi hvað stráka varðar, þannig hafa 16% stráka í 8. bekk á landsbyggðinni notað neftóbak einu sinni eða oftari um ævina á meðan hlutfallið er 10% meðal stráka á höfuðborgarsvæðinu.

Ef tíðari neysla á munn- og neftóbaki er skoðuð (myndir 87 og 88) sýna niðurstöður að hlutfall stráka í 9. og 10. bekk sem hafa notað munntóbak einu sinni eða oftari síðastliðna 30 daga er 12% á meðan slíkt á við um 2% stelpna. Hér kemur fram munur á milli stráka eftir búsetu, þannig eru strákar á höfuðborgarsvæðinu líklegri til að hafa notað munntóbak einu sinni eða oftari síðastliðna 30 daga, eða um 13%, á meðan hlutfallið er 9% meðal stráka á landsbyggðinni. Þegar neysla á neftóbaki síðastliðna 30 daga fyrir könnun er skoðuð sýna niðurstöður að hlutfallið hjá strákunum 15% á meðan slíkt neysla á neftóbaki á við um 4% stelpna.

Um 2% stráka í 8. bekk hafa notað munntóbak einu sinni eða oftari síðastliðna 30 daga á meðan hlutfallið er 1% meðal stelpna (mynd 88). Hvað neftóbakið varðar þá hafa 4% stráka og 1% stelpna notað neftóbak einu sinni eða oftari síðastliðna 30 daga.




Mynd 85. Hlutfall stráka og stelpna í 9 og 10. bekk árið 2009 sem hafa prófað **munntóbak** / **neftóbak** einu sinni eða oftar um ævina.




Mynd 86. Hlutfall stráka og stelpna í 8. bekk árið 2009 sem hafa prófað **munntóbak** / **neftóbak** einu sinni eða oftar um ævina.






Mynd 87. Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk árið 2009 sem hafa prófað **munntóbak** / **neftóbak** einu sinni eða oftar síðastliðna 30 daga.




Mynd 88. Hlutfall stráka og stelpna í 8. bekk árið 2009 sem hafa prófað **munntóbak** / **neftóbak** einu sinni eða oftar síðastliðna 30 daga.

Á mynd 89 má sjá hlutfall nemenda sem hafa aldrei notað hass ásamt þeim sem hafa notað hass einu sinni eða oft um ævina. Niðurstöður sýna að 6% stráka í 9. og 10. bekk hafa notað hass einu sinni eða oft um ævina á meðan slíkt á við um 3% stelpna. Ekki er greinanlegur munur eftir búsetu meðal stelpna en niðurstöður sýna að hlutfall stráka er lítið eitt hærra meðal stráka á höfuðborgarsvæðinu (7%) í samanburði við stráka á landsbyggðinni (5%). Í kjölfar þessara niðurstaðna er fróðlegt að skoða hversu skaðlegt nemendur í 9. og 10. bekk telja það vera að reykja hass eða maríjúana einu sinni í mánuði (mynd 90). Um 57% stráka telja slíkar reykingar vera mjög skaðlegar á meðan 75% stelpna eru þeirrar skoðunar. Að sama skapi sína niðurstöður að hlutfall stráka á höfuðborgarsvæðinu sem telja slíkar reykingar mjög skaðlegar er mun lægra en hlutfall stráka á landsbyggðinni, eða 53% á móti 62%. Um 7% stráka og 3% stelpna telja að hass eða maríjúana reykingar einu sinni í mánuði séu ekkert skaðlegar og er hlutfallið svipað hvað búsetu varðar.



Mynd 89. Hve oft (ef nokkru sinni) hefur þú notað hass? Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk árið 2009.



Mynd 90. Hversu skaðlegt eða óskaðlegt telur þú það vera að reykja hass eða maríjúana einu sinni í mánuði? Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk árið 2009.

## **Heimildaskrá**

- Allegrante, J.P. (2004). Unfit to Learn. *Education Week*, 24, 38-40.
- Altermatt E.R. og Pomerantz, E.M. (2005). The implications of having high-achieving versus low-achieving friends: A longitudinal analysis. *Social Development*, 14, 61-81.
- Álfgeir Logi Kristjánsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir og Jón Sigfússon (2006). *Ung Fólk 2006. Menntun, menning, tómstundir og íþróttaiðkun ungmenna á Íslandi*. Reykjavík: Rannsóknir & greining.
- Álfgeir Logi Kristjánsson, Silja Björk Baldursdóttir, Inga Dóra Sigfúsdóttir og Jón Sigfússon (2005). *Ungt fólk 2004: Menntun, menning, tómstundir, íþróttaiðkun og framtíðarsýn íslenskra ungmenna*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.
- Bachman, J.D., Johnston, L.D. og O'Malley, P.M. (1987). *Monitoring the future*. Ann Arbor: Institute for Social Research.
- Bandura, A. (1977). *Social Learning Theory*. Prentice-Hall. Uppersaddle River, N.J.
- Bernburg, J. G., Þórlindsson, Þ. og Sigfúsdóttir, I. D. (2009). The spreading of suicidal behavior: The contextual effect of community household poverty on adolescent suicidal behavior and the mediating role of suicide suggestion. *Social Science & Medicine*, 68, 380-389.
- Bjarnason, Þ., Þórlindsson, Þ., Sigfúsdóttir, I. D. og Welch, M.R. (2005). Familial and Religious Influences on Adolescent Alcohol Use: A Multi-Level Study of Students and School Communities. *Social Forces*, 84, 375-390.
- Bowker A., Bukowski W.M., Hymel S. og Sippola L.K. (2000). Coping with daily hassles in the peer group during early adolescence: Variations as a function of peer experience. *Journal of Research in Adolescence*, 10, 211-243.
- Carter, D.S.G., Bennetts, C. og Carter, S.M. (2003). 'We're not sheep': Illuminating the nature of the adolescent peer group in effecting lifestyle choice. *British Journal of Sociology of Education*, 24, 225-241.
- Coleman, J. (1988). Social Capital in the Creation of Human Capital. *American Journal of Sociology*, 94, 95-120.

- Eiðsdóttir, S. Þ., Kristjánsson, Á. L., Sigfúsdóttir, I. D. og Allegrante, J.P. (2008). Trends in physical activity and participation in sports clubs among Icelandic adolescents. *European Journal of Public Health, 18*, 289-293.
- Hirschi, T. (1969). *Causes of delinquency*. Berkley: University of California Press.
- Kristjánsson, Á. L. og Sigfúsdóttir, I. D. [Í prentun]. The Role of Parental Support, Parental Monitoring, and Time Spent With Parents in Adolescent Academic Achievement in Iceland: A Structural Model of Gender Differences. *Scandinavian Journal of Educational Research*.
- Kristjánsson, Á. L., Sigfúsdóttir, I. D., Allegrante, J.P. og Helgason, Á. R. (2008). Social correlates of cigarette smoking among Icelandic adolescents: a population-based cross-sectional study. *BMC Public Health, 8*, 86.
- O'Byrne, K.K., Haddock, C.K., Poston, W.S.C. (2002). Parenting Style and Adolescent Smoking. *Journal of Adolescent Health, 30*, 418-425.
- Osgood, D.W., Anderson, A.L. (2004). Unstructured Socializing and Rates of Delinquency. *Criminology, 42*, 519-549.
- Osgood, D.W., Wilson, J.K., O'Malley, P.M., Bachman, J.G. og Johnston, L.D. (1996). Routine activities and individual deviant behavior. *American Sociological Review, 50*, 231-243.
- Paretti-Wetel, P. og Lorente, F.O. (2004). Cannabis use, sport practice and other leisure activities at the end of adolescence. *Drug and Alcohol Dependence, 73*, 251-257.
- Piko B.F. og Fitzpatrick K.M. (2004). Substance use, religiosity, and other protective factors among Hungarian adolescents. *Addictive Behaviors, 29*, 1095-1107
- Sheldon, S.B. og Epstein, J.L. (2005). Involvement Counts: Family and Community Partnerships and Mathematics Achievement. *The Journal of Educational Research, 98*, 196-206.
- Sigfúsdóttir, I. D., Þórlindsson, Þ., Kristjánsson, Á. L., Roe, K. og Allegrante, J.P. (2009). Substance Use Prevention for Adolescents: The Icelandic Model. *Health Promotion International, 24*, 16-25.
- Sutherland, E.H. og Cressey, D.R. (1978). *Criminology*. 10. útg. New York: Lippincott.

- Vilhjálmsson, R. og Þórlindsson, Þ. (1992). The integrative and physiological effects of sports participation: A study of adolescence. *The Sociological Quarterly*, 33, 637-647.
- Þórlindsson, Þ. og Bernburg, J. G.. (2006). Peer groups and substance use: Examining the direct and interactive effect of leisure activity. *Adolescence*, 41, 321-339.
- Þórlindsson, Þ., Bjarnason, Þ. og Sigfúsdóttir, I. D. (2007). Individual and community processes of social closure: A study of Adolescent Academic Achievement and Alcohol Use. *Acta Sociologica*, 50, 161-178.
- Þórólfur Þórlindsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir, Jón Gunnar Bernburg og Viðar Halldórsson. (1998). *Vímuefnaneysla ungs fólks: Umhverfi og aðstæður*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun uppeldis- og menntamála.
- Þórólfur Þórlindsson, Þorlákur Karlsson og Inga Dóra Sigfúsdóttir. (1994). *Um gildi íþróttar fyrir íslensk ungmenni*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun uppeldis- og menntamála.
- Warr, M. (1993). Age, peers and delinquency. *Criminology*, 31, 17-40.

***Viðauki***

## Kynjaskipting

**Tafla 20.** Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk.

1997		2000		2003		2006		2009	
<u>Strákar</u>	<u>Stelpur</u>	<u>Strákar</u>	<u>Strákar</u>	<u>Stelpur</u>	<u>Stelpur</u>	<u>Strákar</u>	<u>Stelpur</u>	<u>Strákar</u>	<u>Stelpur</u>
51,7%	48,3%	48,6%	51,7%	48,3%	51,4%	49,9%	50,1%	49,2%	50,8

**Tafla 21.** Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk skipt eftir bekk.

	1997		2000		2003		2006		2009	
	<u>Strákar</u>	<u>Stelpur</u>	<u>Strákar</u>	<u>Strákar</u>	<u>Stelpur</u>	<u>Stelpur</u>	<u>Strákar</u>	<u>Stelpur</u>	<u>Strákar</u>	<u>Stelpur</u>
9. bekkur	51,9%	48,1%	48,4%	51,6%	48,4%	51,6%	50,1%	49,9% %	49,2%	48,4%
10. bekkur	51,4%	48,6%	48,8%	51,5%	48,5%	51,2%	49,6%	50,4%	50,8%	51,6%



## Tengsl við foreldra og fjölskyldu

**Tafla 22.** Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk eftir því hve erfitt eða auðvelt þau telja að fá umhyggju og hlýju frá foreldrum sínum

	1997			2000			2006			2009		
	<u>Strákar</u>	<u>Stelpur</u>	<u>Allir</u>	<u>Strákar</u>	<u>Stelpur</u>	<u>Allir</u>	<u>Strákar</u>	<u>Stelpur</u>	<u>Allir</u>	<u>Strákar</u>	<u>Stelpur</u>	<u>Allir</u>
Mjög erfitt	1,4%	1,3%	1,3%	2,0%	1,2%	1,6%	1,5%	0,9%	1,2%	1,9%	1,0%	1,4%
Frekar erfitt	5,9%	5,2%	5,6%	7,8%	6,4%	7,1%	4,0%	4,3%	4,2%	4,1%	3,5%	3,8%
Frekar auðvelt	35,3%	23,1%	29,4%	43,0%	26,2%	34,3%	30,1%	22,0%	26,1%	25,8%	18,3%	22,0%
Mjög auðvelt	57,4%	70,4%	63,7%	47,2%	66,2%	56,9%	64,3%	72,7%	68,5%	68,2%	77,2%	72,8%

**Tafla 23.** Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk eftir því hve erfitt eða auðvelt þau telja að fá foreldra sína í samræður um persónuleg málefni.

	1997			2000			2006			2009		
	<u>Strákar</u>	<u>Stelpur</u>	<u>Allir</u>	<u>Strákar</u>	<u>Stelpur</u>	<u>Allir</u>	<u>Strákar</u>	<u>Stelpur</u>	<u>Allir</u>	<u>Strákar</u>	<u>Stelpur</u>	<u>Allir</u>
Mjög erfitt	5,3%	5,2%	5,3%	6,3%	5,5%	5,9%	4,1%	4,7%	4,4%	4,6%	4,2%	4,4%
Frekar erfitt	14,5%	14,0%	14,3%	18,7%	16,1%	17,3%	13,5%	12,6%	13,1%	10,5%	11,5%	11,0%
Frekar auðvelt	37,3%	31,5%	34,5%	42,9%	35,1%	38,9%	38,3%	33,5%	35,9%	33,7%	28,5%	31,1%
Mjög auðvelt	42,8%	49,3%	46,0%	32,2%	43,3%	37,9%	44,1%	49,2%	46,7%	51,2%	55,8%	53,5%

**Tafla 24.** Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk eftir því hve erfitt eða auðvelt þau telja að fá ráðleggingar varðandi námið hjá foreldrum sínum.

	1997			2000			2006			2009		
	<u>Strákar</u>	<u>Stelpur</u>	<u>Allir</u>	<u>Strákar</u>	<u>Stelpur</u>	<u>Allir</u>	<u>Strákar</u>	<u>Stelpur</u>	<u>Allir</u>	<u>Strákar</u>	<u>Stelpur</u>	<u>Allir</u>
Mjög erfitt	2,7%	2,6%	2,7%	3,5%	3,2%	3,3%	2,8%	3,0%	2,9%	3,2%	3,7%	3,5%
Frekar erfitt	9,0%	11,6%	10,3%	9,2%	10,2%	9,7%	8,1%	10,4%	9,3%	7,0%	8,2%	7,6%
Frekar auðvelt	30,0%	26,1%	28,1%	33,3%	27,8%	30,4%	28,7%	27,8%	28,2%	25,0%	22,3%	23,6%
Mjög auðvelt	58,4%	59,6%	59,0%	54,1%	58,8%	56,5%	60,5%	58,8%	59,6%	64,8%	65,7%	65,3%

**Tafla 25.** Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk eftir því hvort þau telji eiga vel eða illa við sig að foreldrum þeirra finnist mikilvægt að þau standi sig vel í námi.

	2006			2009		
	<u>Strákar</u>	<u>Stelpur</u>	<u>Allir</u>	<u>Strákar</u>	<u>Stelpur</u>	<u>Allir</u>
Á mjög vel við um mig	78,4%	80,4%	79,4%	75,9%	80,6%	78,3%
Á frekar vel við um mig	19,1%	17,8%	18,4%	21,3%	17,7%	19,5%
Á frekar illa við um mig	2,1%	1,4%	1,7%	2,1%	1,4%	1,7%
Á mjög illa við um mig	0,5%	0,3%	0,4%	,6%	,3%	,5%

**Tafla 26.** Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk eftir því hvort þau telji eiga vel eða illa við sig að foreldrar þeirra setji ákveðnar reglur um hvað þau megi gera heima.

	1997			2006			2009		
	<u>Strákar</u>	<u>Stelpur</u>	<u>Allir</u>	<u>Strákar</u>	<u>Stelpur</u>	<u>Allir</u>	<u>Strákar</u>	<u>Stelpur</u>	<u>Allir</u>
Á mjög vel við um mig	14,8%	14,1%	14,4%	22,7%	20,2%	21,4%	22,9%	21,3%	22,1%
Á frekar vel við um mig	41,0%	36,3%	38,8%	40,5%	38,3%	39,4%	37,1%	38,2%	37,7%
Á frekar illa við um mig	31,7%	33,5%	32,6%	27,2%	30,9%	29,1%	29,2%	30,1%	29,7%
Á mjög illa við um mig	12,5%	16,0%	14,2%	9,6%	10,5%	10,1%	10,8%	10,4%	10,6%

**Tafla 27.** Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk eftir því hvort þau telji eiga vel eða illa við sig að foreldrar þeirra setji ákveðnar reglur um hvað þau megi gera utan heimilisins.

	1997			2000			2006			2009		
	<u>Strákar</u>	<u>Stelpur</u>	<u>Allir</u>	<u>Strákar</u>	<u>Stelpur</u>	<u>Allir</u>	<u>Strákar</u>	<u>Stelpur</u>	<u>Allir</u>	<u>Strákar</u>	<u>Stelpur</u>	<u>Allir</u>
Á mjög vel við um mig	8,5%	13,1%	10,7%	15,4%	19,9%	17,7%	16,5%	19,5%	18,0%	17,8%	21,9%	19,9%
Á frekar vel við um mig	32,2%	33,4%	32,8%	33,4%	35,4%	34,4%	34,6%	39,7%	37,2%	34,9%	39,1%	37,0%
Á frekar illa við um mig	37,3%	36,6%	36,9%	31,9%	29,5%	30,6%	33,4%	29,8%	31,6%	33,3%	30,2%	31,7%
Á mjög illa við um mig	22,0%	17,0%	19,6%	19,4%	15,2%	17,3%	15,5%	11,0%	13,3%	14,0%	8,8%	11,3%

**Tafla 28.** Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk eftir því hvort þau telji eiga vel eða illa við sig að foreldrar þeirra setji ákveðnar reglur um hvenær þau eiga að vera komin heim á kvöldin.

	1997			2000			2006			2009		
	<u>Strákar</u>	<u>Stelpur</u>	<u>Allir</u>	<u>Strákar</u>	<u>Stelpur</u>	<u>Allir</u>	<u>Strákar</u>	<u>Stelpur</u>	<u>Allir</u>	<u>Strákar</u>	<u>Stelpur</u>	<u>Allir</u>
Á mjög vel við um mig	21,7%	34,8%	28,1%	22,6%	35,6%	29,3%	28,9%	38,8%	33,9%	30,3%	41,3%	36,0%
Á frekar vel við um mig	35,5%	33,7%	34,6%	35,2%	31,5%	33,3%	38,5%	37,4%	38,0%	39,0%	37,2%	38,1%
Á frekar illa við um mig	26,9%	20,7%	23,9%	24,8%	21,0%	22,9%	23,2%	17,6%	20,4%	22,1%	16,4%	19,2%
Á mjög illa við um mig	15,9%	10,9%	13,4%	17,4%	11,9%	14,6%	9,3%	6,3%	7,8%	8,5%	5,0%	6,7%

**Tafla 29.** Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk eftir því hvort þau telji eiga vel eða illa við sig að foreldrar þeirra fylgist með því með hverjum þau séu á kvöldin.

	1997			2000			2006			2009		
	<u>Strákar</u>	<u>Stelpur</u>	<u>Allir</u>	<u>Strákar</u>	<u>Stelpur</u>	<u>Allir</u>	<u>Strákar</u>	<u>Stelpur</u>	<u>Allir</u>	<u>Strákar</u>	<u>Stelpur</u>	<u>Allir</u>
Á mjög vel við um mig	12,5%	23,9%	18,0%	14,8%	25,7%	20,4%	22,8%	35,5%	29,2%	26,4%	44,0%	35,3%
Á frekar vel við um mig	30,1%	34,4%	32,2%	28,6%	34,2%	31,5%	37,0%	38,6%	37,8%	38,8%	36,8%	37,8%
Á frekar illa við um mig	28,7%	23,2%	26,0%	30,5%	22,7%	26,5%	26,3%	18,4%	22,3%	24,8%	14,3%	19,4%
Á mjög illa við um mig	28,7%	18,5%	23,8%	26,2%	17,4%	21,7%	13,9%	7,6%	10,7%	10,1%	5,0%	7,5%

## Tengsl við vini og jafningja

**Tafla 30.** Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk eftir því hve erfitt eða auðvelt þau telja að fá umhyggju og hlýju frá vinum sínum.

	1997			2000			2006			2009		
	<u>Strákar</u>	<u>Stelpur</u>	<u>Allir</u>	<u>Strákar</u>	<u>Stelpur</u>	<u>Allir</u>	<u>Strákar</u>	<u>Stelpur</u>	<u>Allir</u>	<u>Strákar</u>	<u>Stelpur</u>	<u>Allir</u>
Mjög erfitt	9,0%	1,5%	5,3%	14,4%	1,4%	7,7%	7,4%	1,4%	4,4%	7,5%	1,2%	4,2%
Frekar erfitt	30,1%	7,3%	19,0%	32,3%	7,2%	19,3%	23,9%	5,6%	14,6%	19,0%	4,4%	11,6%
Frekar auðvelt	47,2%	38,9%	43,2%	39,8%	36,3%	38,0%	46,2%	31,6%	38,8%	48,7%	30,3%	39,3%
Mjög auðvelt	13,7%	52,2%	32,5%	13,5%	55,0%	35,0%	22,5%	61,4%	42,2%	24,9%	64,1%	44,9%

**Tafla 31.** Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk eftir því hve erfitt eða auðvelt þau telja að fá vini sína í samræður um persónuleg málefni.

	1997			2000			2006			2009		
	<u>Strákar</u>	<u>Stelpur</u>	<u>Allir</u>	<u>Strákar</u>	<u>Stelpur</u>	<u>Allir</u>	<u>Strákar</u>	<u>Stelpur</u>	<u>Allir</u>	<u>Strákar</u>	<u>Stelpur</u>	<u>Allir</u>
Mjög erfitt	5,5%	1,2%	3,4%	7,8%	1,5%	4,5%	7,0%	2,0%	4,5%	7,7%	2,0%	4,8%
Frekar erfitt	17,0%	4,8%	11,0%	18,9%	5,4%	12,0%	19,5%	7,4%	13,4%	18,3%	5,6%	11,8%
Frekar auðvelt	42,1%	23,7%	33,2%	39,6%	22,3%	30,7%	41,0%	24,7%	32,8%	42,5%	23,9%	33,0%
Mjög auðvelt	35,3%	70,3%	52,5%	33,7%	70,8%	52,8%	32,5%	66,0%	49,4%	31,5%	68,4%	50,3%

**Tafla 32.** Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk eftir því hve erfitt eða auðvelt þau telja að fá ráðleggingar varðandi námið hjá vinum sínum.

	1997			2000			2006			2009		
	<u>Strákar</u>	<u>Stelpur</u>	<u>Allir</u>	<u>Strákar</u>	<u>Stelpur</u>	<u>Allir</u>	<u>Strákar</u>	<u>Stelpur</u>	<u>Allir</u>	<u>Strákar</u>	<u>Stelpur</u>	<u>Allir</u>
Mjög erfitt	16,1%	5,0%	10,7%	17,9%	5,4%	11,4%	11,9%	4,3%	8,1%	10,9%	3,7%	7,2%
